



Ad mörgu er að hyggja fyrir jólin Hér fylgjast þessir kátu krakkar af áhuga með fumlásum og vönum handbrögðum við frágang trjáa hjá jólatrjáasölu Flugbjörgunarsveitar skáta við Óskjuhlíð í Reykjavík í gær. Margir geta vart haldið jól nema með lifandi tré í stofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN ToppAri skrifar um heilbrigðiskerfið. **16-20**

SPORT Það birtir til hjá Þorgerði Önnu Atladóttur. **30**

MENNING Borgarleikhúsið hefur tekið til við leikritaútgáfu. **28-30**

LÍFIÐ VÍB stofan rekur fjármála-sögu Star Wars á fræðslufundi í dag. **34-38**

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

KÆRLEIKSKÚLAN



LANDSLAG

Ragna Róbertsdóttir

Í ÞÁGU
FATLAÐRA BARNA
OG UNGMENNA

Sölutímabil
5. – 19. desember

STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA

Deftones er bókuð

TÓNLIST Alls hafa 37 nýir listamenn bæst í hóp þeirra sem taka yfir Laugardalinn á Secret Solstice-tónlistarhátíðinni næsta sumar. Meðal þeirra eru nýmetalrokksveitin Deftones, plötusnúðurinn Jamie Jones, hústónlistargúrúinn Richy Ahmed, plötusnúðahópurinn Visionquest og breski raftónlistarmaðurinn Goldie.

Þá hafa Agent Fresco, Úlfur Úlfur, Ylja og Shades of Reykjavík staðfest komu sína á hátíðina. — glp / sjá síðu 38

Þvörusleikir kom til byggða



Hraðlest að Leifsstöð í skipulag sveitarfélaga

Fluglestin Þróunarfélag ehf. og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hyggja á samstarf um skipulagsbreytingar vegna hraðlestar úr Vatnsmýri til Keflavíkurflugvallar. Fluglestin segir mikilvægt að fá niðurstöðu vegna yfirstandandi fjármögnunar.

SAMGÖNGUR Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu auk Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar stefna að samningi við Fluglestina Þróunarfélag ehf. um undirbúning að byggingu hraðlestar til Keflavíkurflugvallar.

Runólfur Ágústsson hjá Fluglestinni segir að í síðustu viku hafi verið fundað um málið í stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem og hjá svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Vonast sé til að lokið verði við gerð samstarfssamningsins fyrir lok janúar.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er hins vegar 105 milljarðar króna. Runólfur segir unnið að fjármögnun.

Með samningnum veit sveitarfélögin vilyrði fyrir að skilgreina nauðsynlegar lóðir í deiliskipulagi og úthluta þeim og/ eða byggingarrétti ofan- eða neðanjarðar vegna framkvæmdarinnar til þróunarfélagsins.

Úr drögum að samningi um skipulagsmál vegna hraðlestar.

Áætlað er að ferðatíminn milli Reykjavíkur og Leifsstöðvar verði 15 til 18 mínútur með raflest sem nær 250 kílómetra hraða á klukkustund.

„Með samningnum veita sveitarfélögin vilyrði fyrir að skilgreina nauðsynlegar lóðir í deiliskipulagi og úthluta þeim og/ eða byggingarrétti ofan- eða neðanjarðar vegna framkvæmdarinnar til þróunarfélagsins,“ segir í samkomulagsdrögum. Það gildi meðal annars um lóð fyrir endastöð hraðlestarinnar við áætlaða samgöngumiðstöð hjá BSÍ við Vatnsmýri. „Við erum tiltölulega bjartsýnir með fjármögnun og erum að vonast eftir að komast af stað með verkefnið í febrúar,“ segir Runólfur Ágústsson. — gar / sjá síðu 8

9
DAGAR
TIL JÓLA
OPIÐ TIL
22
Í KVÖLD
Kringlan

Veður



Sunnan- og suðaustanátt í dag, 5-10 m/s um landið vestanvert, en heldur hæðari fyrir austan. Skýjað og sums staðar dálitlar skúrir eða él sunnan- og vestantil og þá einkum við ströndina. **SJÁ SÍÐU 26**

Umsóknir Albananna komnar til Alþingis

SAMFÉLAG „Þetta var bara að koma inn á borð til okkar í gær og það er allt of snemmt að segja til um stöðuna núna,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis, en nefndinni bárust í gær umsóknir um að Alþingi veiti tveimur albönskum fjölskyldum ríkisborgararétt. Fjölskyldunum var vísað úr landi í síðustu viku af Útlendingastofnun.

Önnur umsóknin er frá albönsku fjölskyldunni sem flutt var úr landi að faranótt fimmtudags í síðustu viku. Fréttablaðið greindi frá því í gær að hópur fólks vinni nú að því að koma fjölskyldunni aftur til Íslands. Brottlutningur fjölskyldunnar hefur vakið reiði í samfélaginu vegna þess að sonur hjónanna Kastrijet og Zhuliu, hinn þriggja ára gamli Kevi, er með slimseigjusjúkdóm. Sjúkdómurinn er lífshættulegur og veldur sýkingum í líffærum.

Nú þurfum við bara að lesa yfir þetta og athuga hvort það vanti frekari gögn.

Unnur Brá Konráðsdóttir
formaður Alsherjarnefndar Alþingis

Unnur Brá segir að nefndin muni byrja að skoða umsóknirnar í dag. „Nú þurfum við bara að lesa yfir þetta og athuga hvort það vanti frekari gögn. Það verður svo bara að koma í ljós hvað verður,“ segir Unnur.

Vinur fjölskyldunnar, Hermann Ragnarsson, sendi inn umsóknirnar fyrir þeirra hönd. Þá stendur Hermann að baki styrktarreiðingunni fyrir fjölskyldurnar tveir sem opnaðar var í gær. Markmið söfnunarinnar er að safna fyrir ferðakostnaði, gistingu, lyfjum og nauðsynjavörum á meðan fjölskyldurnar eru að koma undir sig fótunum hér á landi, að því er segir á styrktarsíðunni. -ngy

Síðustu forvöð að senda



Örtröð var í gær á pósthúsum víða um land, líkt og hér má sjá í Pósthússtræti í Reykjavík. Í gær var síðasti dagur til að koma böggjum örugglega á áfangastað í Evrópu fyrir jól. Pakkar til Norðurlanda ættu að komast séu þeir sendir í dag, samkvæmt upplýsingum á vef Póstsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ólöglegar vörur komnar aftur í hillur verslana

UMHVERFISMÁL Ári eftir að söluaðilum var gert að fjarlægja ólögleg vitarvarnarefni af markaði voru fimm af átta vörum komnar aftur upp í hillu, að því er segir í frétt á vef Umhverfisstofnunar. Seljendur höfðu sent stofnuninni staðfestingu á að hafa fjarlægð vörurnar.

Vitarvarnarefni innihalda virk efni sem geta verið skaðleg bæði heilsu fólks og umhverfi og til að lágmarka áhrifin er mikilvægt að þessar vörur séu áhættumetnar. Umhverfisstofnun fór árið 2014 í eftirlit hjá fyrirtækjum sem markaðssetja vitarvarnarefni og skoðaði hvort þessar vörur hefðu tilskilin leyfi til að mega vera á markaði. -ibs

Flóttafólk fær hundrað þúsund króna inneign

Framkvæmdastjóri IKEA segir fyrirtækið gefa hverjum flóttamanni sem kemur hingað til landsins hundrað þúsund króna inneign í versluninni. Þá er fyrirtækið tilbúið að veita flóttamönnum atvinnu í samstarfi við Vinnuálastofnun.

SAMFÉLAG „Við viljum taka þátt í að skapa flóttafólkinu sem hingað kemur tækifæri til að aðlagast samfélaginu,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA.

Fyrirtækið ætlar að gefa hverjum flóttamanni í hópi sem er væntanlegur til landsins hundrað þúsund króna inneign.

„Þá skiptir engu máli hvort það er barn eða fullorðinn, allir fá inneign hjá okkur,“ segir hann og tekur dæmi af einstæðri móður með tvö börn sem fái samtals þrjú hundruð þúsund króna inneign.

IKEA hefur í gegnum tíðina unnið náið með Rauða krossinum og aðstoðað flóttamenn með því að leggja til húsgögn og húsbúnað, nú síðast þegar flóttamenn frá Palestínu settust að á Akranesi.

„Markmið okkar er tvíþætt. Annars vegar að hjálpa fólki að aðlagast samfélaginu og hins vegar að létta því róðurinn þessa fyrstu daga og vikur.“

Fyrirtækið vill leggja enn frekar af mörkum og tekur þátt í átaki Vinnuálastofnunar sem leitast við að útvega flóttafólki störf á höfuðborgarsvæðinu.

„IKEA hefur í gegnum tíðina verið vinnustaður fólks með mjög fjölbreyttan bakgrunn. Við erum með hátt í 100 starfsmenn með erlendan bakgrunn. Þetta er margt af okkar albesta fólki og það væri ekki hægt að reka fyrirtækið ef ekki kæmi til framlag þessara frábæru einstaklinga,“ segir Þórarinn. „Við viljum



Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, segir fyrirtækið áður hafa veitt flóttamönnum líðsinni við að koma sér fyrir á landinu.

Þá skiptir engu máli hvort það er barn eða fullorðinn, allir fá inneign hjá okkur.

Þórarinn Ævarsson,
framkvæmdastjóri IKEA

frama þeirra sem mestan innan fyrirtækisins og bjóðum því öllum starfsmönnum upp á ókeypis íslenskunám í vinnutíma, en lykkillinn að því að vinna sig upp er að hafa vald á tungumálinu.“

Flóttafólk sem áætlað var að kæmi til landsins um jólin kemur ekki fyrir en um miðjan janúar. Lengri tíma

hefur tekið að ganga frá nauðsynlegum atriðum vegna útgáfu útgöngu-vegabréfa sem áskilin eru af hálfu líbanskra stjórnvalda við brottför fólksins frá Líbanon.

Í dag hófst í Líbanon námskeið á vegum alþjóðlegru fólksflutningastofnunarinnar, IOM, fyrir flóttamannahópinn sem tekið verður á móti hér á landi.

Markmið þess er búa fólkið undir þær breytingar sem fram undan eru og hvers er að vænta við búsetu í nýju landi.

Á námskeiðinu eru fólkinu veittar ýmsar almennar upplýsingar um að hefja líf í nýju landi en einnig sértækar upplýsingar sem varða íslenskra aðstæður. kristjanabjorg@frettabladid.is

SÉRTILBOÐ

Skelltu þér á skíði

Skíði

2. janúar í 7 nætur

Frá kr. 89.400 m/hálfa fæði

Skihótel Speiereck

Netverð á mann frá kr. 89.400 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Þoppurinn á jólagjafalistanum



Samsung Galaxy S6 Edge

Það sér ekki fyrir endann á þessari sníld.

109.990 kr.

Samsung LevelOn
heyrnartól
að verðmæt

34.990 kr. fylgja

Greiðsludresting í boði




Samsung Galaxy A5

Hágæði og glans afan hringsinn.

99.990 kr.

Frábær Coloud
heyrnartól fylgja

Greiðsludresting í boði



Samsung Tab S2 4G

Í laginu eins og jólabók en endalaust klár.

109.990 kr.

Frábær Coloud
heyrnartól fylgja

Greiðsludresting í boði



iGrill mini

7.990 kr.

Litill og nettur þráðlaus kjötkökinn sem tengist snjallsímanum eða spjaldtölvum til þráðlaust. Með iGrill appinu færðu aðstoðarkök svo allur grillmatur verður eins og á fyrsta flokki s veitingastað.



Samsung Gear S2

54.990 kr.

Frábær íslagi sem fylgja með daglegri hræfingu, hjartslætti, vatns- eða loftþykki ykkju og hjálpar þér að tilkoma þér heibrigðan lífsstíll með hvaða tunganskrifboðum yfir daginn.



Bose SoundLink Mini 2

34.990 kr.

Greiðsludresting í boði

Nettur Bluetooth hátalari með rafhlöðu sem endist í allt að 7 klst. Virkar með öllum Bluetooth símunum en einnig er hægt að tengja með snúru.

Nánar á siminn.is/jol

Viðskiptavinir Símanns fá Sveigjanlegan Góðan snjallpakka og geta valið úr þremur tegundum af frábærum Coloud heyrnartólum að andvirði 5.990 kr. í allskorari hlífni og völdum snjalltækjum.*

Þú getur meira með Símanum

*A meðan þráðlaust er til.

Þingstörfin í hnút og starfsáætlun Alþingis farin úr skorðum

ALÞINGI Ekki sér fyrir endann á þingstörfum. Þingi átti að ljúka síðastliðinn föstudag samkvæmt starfsáætlun þingsins og í gær voru fjárlög enn til umræðu.

Þingflokksformenn hittust í gær og ræddu stöðu mála. „Þinglok voru ekki einu sinni til umræðu á þeim fundi“, segir Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks.

Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður Framsóknarflokks, tók í sama streng. „Það tekur allt

enda einhvern tímann. Þingið mun ljúka sínum störfum hvenær svo sem það verður.“

„Það þarf enn að ræða fjárlög, nú síðast á laugardaginn kom formaður fjárlaganefndar með tvær breytingartillögur við frumvarpið“, segir Steingrímur J. Sigfússon. „Í ofanálæg kemur meirihlutinn með málið tveimur vikum of seint inn í þingið til umræðu svo við munum líklega verða hér fram að Þorláksmessu í þinginu og ekki loku fyrir það skotið að við þurfum að hittast



Það tekur allt enda einhvern tímann.

Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður Framsóknar



» Önnur umræða fjárlaga hefur staðið á fimmta tug klukkustunda og sér ekki fyrir endann á henni.

milli jóla og nýárs til að klára fjárlagafrumvarpið.“

Forseti þingsins óskaði eftir því að geta haldið næturfund til að klára umræður um fjárlög. Forsætisráðherra notaði það tækifæri til að saka stjórnarandstöðuna um grímulaust

málþóf og tilraun til að slá Íslandsmet í málþófi. Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar, tók orð Sigmundar heldur óstinnt upp og velti því fyrir sér hvort forsætisráðherrann núverandi væri sá ómerki-legasti sem setið hefur í þeim stól.

Önnur umræða fjárlaga hefur nú staðið í á fimmta tug klukkustunda og ekki sér enn fyrir endann á henni. Fjöldi mála bíður og líklegt að þingmenn þurfi að hafa hraðar hendur á næstu dögum til að ljúka þingstörfum fyrir jól. –sa



Marine le Pen ásamt frænku sinni, Marion Marechal le Pen, sem einnig er framákona í flokki Þjóðernissinna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Metfylgi skilaði hvergi sigri

FRAKKLAND Marine le Pen, leiðtogi hægri Þjóðernissinna í Frakklandi, segir mikil vonbrigði fyrir flokk sinn að hafa ekki náð meirihluta í einu einasta héraði Frakklands í sveitarstjórnarkosningum um helgina. Hún kennir lygaherferð andstæðinga um ósigurinn.

Í fyrri umferð kosninganna, fyrir viku, fékk Franska Þjóðfylkingin flest atkvæði og gerði sér þar af leiðandi vonir um góðan árangur á sunnudag. Engu að síður varð flokkurinn sá þriðji fjölmennasti á landsvísu, með vel yfir 40 prósent atkvæða í sumum kjördæmum. Flokkurinn hefur aldrei fengið jafn mikið fylgi.

Fylgisaukningin er ekki sist rakin til vaxandi ótta við útlendinga í kjölfar hryðjuverkanna í París nýverið. –gb

Í Eyjum er stefnt að sorpbrennslu

UMHVERFISMÁL Starfshópur um framtíðarlausn í sorpmálum í Vestmannaeyjum telur vænlegast að byggja nýja sorpbrennslu.

„Samt sem áður verði haldið áfram með núverandi flokkun og skilun en með því má minnka það magn sem þarf til brennslu og þar með minnka rekstrar- og stofnkostnað“, segir um tillögu starfshópsins sem rædd var í framkvæmda- og hafnarráði Vestmannaeyja í síðustu viku. Ráðið sagðist taka undir að vænlegasti kosturinn sé að „skoða til hlítar kaup og rekstur á sorpbrennslustöð“. –gar

Styður hugmynd um stofnun umboðsmanns flóttamanna

Sviðsstjóri hjálpar og mannúðarsviðs hjá Rauða krossinum vísar því á bug að hagsmunum hælisleitenda sé ekki borgið hjá lögfræðingum samtakanna en styður hugmynd um sérstakan umboðsmann þeirra.

MANNRÉTTINDI „Ég fagna hugmynd um sérstakan umboðsmann hælisleitenda og flóttamanna“, segir Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri hjálpar- og mannúðarsviðs hjá Rauða krossinum, og segir að slík stofnun gæti verið góð viðbót í hagsmunagæslu þeirra. „Ég fagna líka áhuga þingmanna og allra á þessum mála-flokki.“

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingar, segir Útlendingastofnun ekki hafa hagsmuni flóttamanna og hælisleitenda að leiðarljósi og finnst ekki æskilegt að innanríkisráðuneyti greiði Rauða krossinum fyrir að gæta hagsmuna þeirra. Hún lagði til stofnun umboðsmanns flóttamanna og hælisleitenda.

Atli vísar því á bug að hagsmunum hælisleitenda og flóttamanna sé ekki borgið með samningi innanríkisráðuneytisins við Rauða krossinn. „Þetta er tiltölulega nýtt fyrirkomulag að lögfræðingar starfa í teymi á vegum Rauða krossins. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna telur þetta fyrirkomulag gott.“

Áður var gerður samningur við einstaka lögmann og þá sneri gagnrýnin að því. Nú koma öll mál til Rauða krossins, þó að við göngum hart fram eða séum með læti, þá koma málin samt sem áður áfram til okkar.

Við erum mannúðarsamtök sem vinnum að hagsmunum þeirra sem þurfa á hjálp að halda. Rauði krossinn hefur langa reynslu af hagsmunagæslu fyrir hælisleitendur og flóttafólk og hefur að auki ávallt aðgengi að nýjustu upplýsingum og reynslu þeirra sem vinna að þessum málum. Við erum með samstarfs-



Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum, fer yfir það sem betur mætti fara hjá stofnuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nú koma öll mál til Rauða krossins, þó að við göngum hart fram eða séum með læti, þá koma málin samt sem áður áfram til okkar. Við erum mannúðarsamtök sem vinnum að hagsmunum þeirra sem þurfa á hjálp að halda.

Atli Viðar Thorstensen, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum

samning við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og vinnum mjög náið með henni. Við erum líka hluti af ECRE, sem eru regnhlífarsamtök fyrir félagasamtök í Evrópu, sem vinna að hagsmunum flóttamanna.

Atli segir teymisvinnuna verða til þess að í Rauða krossinum hafi fólk yfirsýn yfir málaflökkinn. Á föstudaginn í síðustu viku skrifaði Ólóf Nordal innanríkisráðherra Rauða krossinum bréf og bað um ábendingar um það sem mætti

betur fara vegna umdeildrar brottvísunar albanskra fjölskyldna með veik börn.

„Varðandi bréf innanríkisráðherra, þá fögnum við því og munum verða við beiðinni og senda okkar hugleiðingar, ábendingar og athugasemdir til ráðherra fljótlega. Það sem við munum fyrst fara yfir og meta er hvort framkvæmd stjórnvalda sé í samræmi við heimildir 12. gr. laga um útlendinga og þar með vilja lögjafans, segir Atli. kristjana-bjorg@frettabladid.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

100%
Ungnautahakk



1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Verð áður 1898 kr. kg

200 kr.
Verðlækkun pr. kg



2398
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautasnitset
Ferk



2398
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautagúllas
Ferk

BONUS

EKKERT
BRUÐL!



Jólagjöf sem allir geta notað

Gjafakort Arion banka er hægt
að nota hvar sem er.

Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn
velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum
okkar og á arionbanki.is/gjafakort

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina



HB Grandi hefur ekki greitt jólabónus undanfarin ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grandi borgar ekkert og Samherji skerðir greiðslur

VIÐSKIPTI HB Grandi mun ekki greiða sérstakan jólabónus í ár og hefur ekki gert það undanfarin ár að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, forstjóra HB Granda.

Að sögn Margrétar Ólafsdóttur, aðstoðarkonu forstjóra Samherja, munu starfsmenn fyrirtækisins fá 278 þúsund króna uppbót greidda í desember. Þeir sem voru í starfi hjá fyrirtækinu 1. desember síðastliðinn fá 200 þúsund króna launauppbót í desember ofan á 78 þúsund króna umsamda desemberuppbót. Greiðslan er miðuð við fullt starf síðastliðna tólf mánuði.

Þetta er um helmingi minni launauppbót en undanfarin ár. Í fyrra fengu starfsmenn Samherja í landi 450 þúsund króna launauppbót í desember ofan á umsamda 74 þúsunda króna desemberuppbót. Því fengu þeir alls 524 þúsund krónur í uppbót í jólamánuðinum. Árin 2011 til 2013 fengu starfsmenn

200

þúsund króna uppbót bætist í desember við 78 þúsund króna umsamda desemberuppbót hjá starfsfólki Samherja. Í fyrra var uppbótin 450 þúsund krónur.

svipaðar upphæðir í launa- og desemberuppbót, eða frá tæplega 400 upp í 500 þúsund krónur.

Stefán Friðriksson, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um jólabónus hjá fyrirtækinu. Ekki fengust upplýsingar frá Eskju, Nesfiski og Síldarvinnslu Norðfjarðar við vinnslu fréttarinnar. –sg

Kökurnar skreyttar



Svona bar ein af kökuskreytingakonunum í Maciej Kuzniarowski sætindagerðinni í Jaroslaw í suðurhluta Póllands sig að í gær. Þar, eins og hér, eru piparkökur hluti af jólahefðum landsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Herkastalinn gæti selst á 650 milljónir króna

Unnið er að sölu Herkastalans, gistiheimilis Hjalpræðishersins. Leit að nýju húsnæði fyrir herinn í borginni stendur yfir. Fasteignasalar telja erfitt að verðleggja eignina. Verðið sagt ráðast af ástandi hússins, frá 500 upp í 650 milljónir.

VIÐSKIPTI Herkastalinn, gistiheimili Hjalpræðishersins, er í söluferli. Ólafur Örn Ólafsson staðfestir að KPMG sé að vinna fyrir Hjalpræðisherinn sem sé að skoða sín húsnæðismál og flutning á sinni starfsemi innan borgarinnar. „Hluti af því ferli er annars vegar að finna nýja staðsetningu og hins vegar að skoða möguleika þess að selja húsið í Kirkjustræti,“ segir Ólafur.

Húsið er 1.405,4 fermetrar að stærð. Fasteignamat þess nemur 109 milljónum króna og nemur bruna-bótamatið 352 milljónum króna. Fasteignasalar sem Fréttablaðið ræddi við telja erfitt að meta húsið nema að skoða eignina og þekkja ástand hússins og hvort sé til að mynda aukinn byggingaréttur á lóðinni. Verðið getur hlaupið eftir ástandi frá 500 milljónum og upp í 650 milljónir, samkvæmt upplýsingum frá aðila sem þekkir verð í miðborginni. Hann telur að trúlega verði litið á eignina sem hótél.

Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að það sé auðvitað missir að starfsemi Hjalpræðishersins þarna. Hún hafi verið mikilvæg og mjög margir notið góðs af. „En þau meta það sem svo að það sé meiri þörf fyrir þeirra starfsemi annars staðar.“ Hann segist ekki



Herkastalinn var byggður árið 1916 og verður því hundrað ára á næsta ári.

Ég vona bara að það komi eitthvað annað gott í staðinn.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

hafa haft neitt tækifæri til að móta sér skoðun á því hvaða starfsemi hann myndi vilja sjá í húsinu.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir ekki neikvætt að missa Hjalpræðisherinn úr húsnæðinu svo lengi sem hann haldi öflugri starfsemi áfram í borginni. „Maður gefur sér það að

herinn muni reka góðgerðarstarfsemi einhvers staðar annars staðar í staðinn. Þá ætti þetta að vera í lagi. Ef hann sinnir áfram öflugri starfsemi í borginni þá er ég bara ánægður.“

Kjartan segir ekki sama hvaða starfsemi komi inn í staðinn. „Ég vona bara að það komi eitthvað annað gott í staðinn. Ef kæmi hótél þá gæti það alveg verið jákvætt, þarna hefur gistiheimili verið rekið ásamt góðgerðarstarfsemi. Það hefur farið vel saman.“

Hjalpræðisherinn hóf starfsemi á Íslandi árið 1895. Húsið var byggt árið 1916 og verður því hundrað ára gamalt á næsta ári.

saeunn@frettabladid.is

TRAKTORAR
Í MÁLI OG MYNDUM

Vildarverð 7.999.-
Almennt verð 9.999.-

Penninn Eymundsson

Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Tilboðsverð gilda frá 16. desember, til og með 5. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr!

Dúndurverð fyrir jólin



Gildir aðeins
í dag eða á meðan
birgðir endast



999 kr. kg

Verð áður ~~1399~~ kr. kg
Goða Bayonneskinka

28% afsláttur

Jólagjöf sem lætur gott af sér leiða

GJAFAKORT

KRÓNAN

Af hverju seldu
korti renna 5% til
góðgerðamála*



Pantaðu gjafakortið á kronan.is/gjafakort

Gjafakortið fæst einnig í öllum verslunum Krónunnar

*Gildir til 31. desember

Jóladagatal

Nýtt jólatilboð



299 kr. kg

Verð áður ~~399~~ kr. kg
Rauð jólaepli frá Bandaríkjunum.
*Gildir 14. - 16. desember

Fylgstu með Jóladagatalinu á facebook síðu Krónunnar - Jólaleikur í hverri viku

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Samstarf um skipulag vegna hraðlestar

Fluglestin þróunarfélag og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ætla í samstarf vegna hraðlestar milli Umferðarmiðstöðvarinnar í Reykjavík og Keflavíkurflugvallar. Sveitarfélögin þurfa að gera breytingar á skipulagi. Þær hafa þegar verið gerðar á Suðurnesjum.

SAMGÖNGUR Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu auk Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar fyrir sitt leyti stefna að því að gera samstarfssamning við Fluglestina Þróunarfélag ehf. um undirbúning að byggingu hraðlestar til Keflavíkurflugvallar.

Samningurinn lýtur að skipulagsmálum þar sem gera þarf breytingar til þess að lagning hraðlestarinnar verði möguleg. „Á Suðurnesjum hefur slíkt þegar verið gert og er lestarlína inni á svæðisskipulagi,“ útskýrir Runólfur Ágústsson hjá Fluglestinni í bréfi til sveitarfélaganna.

Runólfur segir að í síðustu viku hafi verið fundað um málið í stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem og á fundi hjá svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

„Mikilvægt er fyrir verkefnið að ná niðurstöðu í þetta mál til að yfirstandandi fjármögnun þróunar nái fram að ganga,“ segir í bréfi Runólfs sem í samtali við Fréttablaðið kveðst vona að lokið verði við gerð samstarfssamningsins fyrir lok janúar samhliða fjármögnun næsta skrefs verkefnisins sem kosta á um 1,5 milljarða króna.

Áætlaður heildarkostnaður við lestarverkefnið er hins vegar 105 milljarðar króna. Runólfur segir nú unnið að fjármögnun verkefnisins, en ekki sé hægt að upplýsa hverjir

Við erum tiltölulega bjartsýnir með fjármögnun og erum að vonast eftir að komast af stað með verkefnið í febrúar.

Runólfur Ágústsson verkefnastjóri hjá Ráðgjöf og verkefnastjórnun




kynnu að koma að því. Að baki Fluglestinni standa Fasteignafélagið Reitir, Landsbankinn, Ístak, Kadeco og Efla. Þessa aðila segir Runólfur þegar hafa lagt um 150 milljónir í verkefnið.

Gert er ráð fyrir að ferðatíminn milli Reykjavíkur og Leifsstöðvar verði 15 til 18 mínútur með raflest sem nær 250 kílómetra hraða á klukkustund.

Markmiðið með þeirri skipulagsvinnu sem í hönd fer er meðal annars sagt vera að auka hagkvæmni hraðlestarinnar og að tryggja góðar tengingar lestarstöðva við byggð, umferðarmannvirki og samgöngur á yfirborði.

Tillaga að leið lestar frá Keflavík til Hafnarfjarðar og um 14 kílómetra löng jarðgöng inn í miðbæ Reykjavíkur.



„Með samningnum veita sveitarfélögin vilyrði fyrir að skilgreina nauðsynlegar lóðir í deiliskipulagi og úthluta þeim og/eða byggingarétti ofan- eða neðanjarðar vegna framkvæmdarinnar til þróunarfélagsins,“ segir í samkomulagsdrögum. Það gildi meðal annars um lóð fyrir endastöð hraðlestarinnar við áætlaða samgöngumiðstöð hjá BSÍ við Vatnsmýri.

„Sveitarfélögin munu af sinni

hálfu einnig tryggja nauðsynlegt samstarf í tengslum við framkvæmd og gerð mats á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar,“ segir í einni grein samningsins.

Samstarfssamningurinn er til fimm ára. Á meðan samningurinn er í gildi mega sveitarfélögin ekki með nokkrum hætti taka þátt í öðrum sambærilegum verkefnum nema Fluglestin hætti við verkefnið. Geri Fluglestin það verður

öll vinna og gögn sem til eru oröflin að almenningseign.

„Við erum tiltölulega bjartsýnir með fjármögnun og erum að vonast eftir að komast af stað með verkefnið í febrúar,“ segir Runólfur. Tvö ár séu áætluð til frekari rannsóknar- og skipulagsvinnu og mat á umhverfisáhrifum. „Þá tekur við ár í forhönnun og gerð útboðsgagna. Framkvæmdir, ef allt gengur eftir, ættu að geta hafist eftir þrjú ár.“ gar@frettabladid.is



Nýr Caddy!



Kynntu þér nýjan glæsilegan Volkswagen Caddy

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíla á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukid öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftpúðum fyrir ökumanns- og farþegarými.

Við bjóðum þér að líta við í **sýningarsal VW Atvinnubíla** og kynnst honum betur.


Nýr Volkswagen Caddy kostar frá: **2.760.000 kr.** (án vsk. 2.225.806 kr.)

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.



Atvinnubílar

2016
JUSTIN BIEBER
PURPOSE WORLD TOUR
ÁSAMT SÉRSTÖKUM GESTUM



9. SEPTEMBER • KÓRINN

MÍÐASALA HEFST Á LAUGARDAGINN KL. 10!



MÍÐASALA Á TIX.IS OG Í SÍMA 551-3800 · NÁNAR Á SENA.IS/BIEBER
#PURPOSEWORLDTOUR | JUSTINBIBERMUSIC.COM

concerts west



SB



GERÐU FRÁBÆR KAUP



Rnr. 191946
SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 2014, ekinn 93 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.140.000

**TILBOÐSVERÐ!
3.450 þús.**



Rnr. 143107
NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 2013, ekinn 81 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 6.270 þús.



Rnr. 191947
DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 2014, ekinn 102 þús km.
dísil, beinskíptur.

VERÐ kr. 2.490 þús.



Rnr. 283187
SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 2012, ekinn 58 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.690.000

TILBOÐ kr. 2.990 þús.



Rnr. 143160
HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 2015, ekinn 33 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 5.290 þús.



Rnr. 283213
KIA SPORTAGE EX 4wd
Nýskr. 2014, ekinn 47 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.990 þús.



Rnr. 283074
SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 2011, ekinn 130 þús km.
bensín, beinskíptur.
Verð áður kr. 2.890.000

TILBOÐ kr. 2.390 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Pingmennirnir sem talað höfðu mest

Þann 11. desember þegar þingi átti að ljúka samkvæmt starfsáætlun þingsins.



Steingrímur J. Sigfússon
11,4 klst.
210 ræður

Á bara að láta hv. þingmann ganga svona lausbeislaðan áfram? Er ekki hægt að setja að minnsta kosti mól upp í hann?

Um Jón Gunnarsson, formann atvinnuvega- nefndar



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir
10,7 klst.
185 ræður

Staðan núna er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en það er óþarfi að klína því á eitthvert málþóf minnihlutans. Hvaða málþóf?

Bjarkey Gunnarsdóttir í umræðum um fjárlagafrumvarpið



Bjarni Benediktsson
8,7 klst.
157 ræður

Síðast í dag heyrðum við frá atvinnulífnum kallað eftir því að tryggingagjaldið yrði lækkað frekar. Það er í eðli sínu frelsismál.

Bjarni Benediktsson í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra



Óssur Skarphéðinsson
8,7 klst.
211 ræður

Frú forseti. Ég er ekki jafn sannfærður um skaðsemd langra þingfunda fyrir fjölskyldu og gott samband enda hef ég löngum verið þeirrar skoðunar að gagnkvæmar fjarvistir styrki stórt samband.

Óssur Skarphéðinsson á næturfundum um fjárlög



Lilja Rafney Magnúsdóttir
8,6 klst.
167 ræður

Ég er farin að halda að hæstv. forsætisráðherra sé að kalla eftir athygli, að allt snúist um hann, hvar hann sé og af hverju hann sé ekki í þinginu. Er þetta einhver athyglissýki sem háir forsætisráðherra?

Lilja Rafney Magnúsdóttir í umræðum um störf þingsins

Pingmennirnir sem talað höfðu minnst

Þann 11. desember þegar þingi átti að ljúka samkvæmt starfsáætlun þingsins.



Höskuldur Þórhallsson
32,85 mín.
14 ræður



Lineik Anna Sævarsdóttir
31,9 mín.
17 ræður



Þórunn Egilsdóttir
19 mín.
12 ræður



Ásmundur Friðriksson
18,58 mín.
10 ræður



Silja Dögg Gunnarsdóttir
6,48 mín.
4 ræður

Silja Dögg bara talað í sex og hálfu mínútu

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG, hefur talað langmest á yfirstandandi þingi. Þingmenn Framsóknarflokksins eru í fjórum af fimm neðstu sætunum.

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon hefur talað mest allra á yfirstandandi þingi. Hefur hann haldið 210 ræður og talað í þeim í 11,4 klukkustundir. Þingmenn stjórnarandstöðunnar raða sér í efstu sætin.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins átti því að ljúka síðastliðinn föstudag. Við það tækifæri tók Fréttablaðið saman ræðutíma þingmanna frá upphafi þings í byrjun september. Þingmenn stjórnarandstöðunnar eru í fjórum af fimm efstu sætunum auk Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.

„Ég hef nú verið á þessum lista áður og svo sem ekki nýtt fyrir mér,“ sagði Steingrímur Sigfússon þegar honum var greitt frá því að hann hefði talað lengst allra á þinginu. „Ég hef lagt áherslu á að rækja skyldur mínar í þessum efnunum og haft ræður mínar innihaldsríkar svo þær geti nýst sem aðhald. Það væri óskandi að stjórnarmeirihlutinn væri duglegri við að mæta og hlýða á ræðurnar.“ Hann vísaði á bug að um einhvers konar málþóf væri að ræða heldur

Ég hef nú verið á þessum lista áður og svo sem ekki nýtt fyrir mér.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna

Ég hef bara einhvern veginn ekkert verið í þeim stóru málum sem hafa tekið mestan tíma á þessu þingi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokks

þyrfti að ræða um helstu ágreiningsefni við stjórnvöld hverju sinni.

Af þeim fimm sem minnst hafa talað er einn úr Sjálfstæðisflokki og fjórir þingmenn Framsóknarflokksins, þar af þrjú þeirra úr sama kjördæminu. Silja Dögg Gunnarsdóttir hefur haldið fjórar ræður á yfirstandandi þingi og talað í sex og hálfu mínútu.

„Ég hef bara einhvern veginn ekkert verið í þeim stóru málum sem hafa tekið mestan tíma á þessu þingi. Ég hef ekkert verið í fjárlagaumræðunni því ég er ekki í fjárlaganefnd. Það er þumalputtaregla að einhver úr nefndinni tali fyrir málum á þingi. Ef maður tekur saman tíma sem þingmenn tala þá er stjórnarandstaðan með miklu fleiri mínútur og ekkert bundið við þetta þing,“ segir Silja Dögg en segir fullt málfrelsi vera innan flokksins á þingi. „Þú mátt alveg fara upp og tala, það er ekkert bannað. Ef ég vildi tala um flugvelli eða eitthvað slíkt þá gæti ég gert það, en ég vil hins vegar bæta einhverju við það sem kollegar mínir hafa sagt áður. Ég er ekki að tala bara til að tala og safna þannig mínútum.“

sveinn@frettabladid.is



NORÐURLÖNDIN



Stubbarnir komu í veg fyrir sigur

1 DANMÖRK Markmið stjórnvalda í Kaupmannahöfn um að borgin verði hreinasta höfuðborg Evrópu 2015 næst ekki. Ástæðan er allir sígarettustubbarnir á götum borgarinnar. Kaupmannahöfn lendir í þriðja sæti ásamt Stokkhólmi. Vín er í fyrsta sæti og Prag í öðru. Samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla eru sígarettustubbar 85 prósent rusls á götum Kaupmannahafnar. 100 milljónum danskra króna er árlega varið í að fjarlægja ruslið.



Reyna að taka byssur lögreglunnar

2 NOREGUR Að minnsta kosti 17 sinnum á þessu ári hafa ölváðir einstaklingar og einstaklingar sem verið var að handtaka reynt að taka byssu af lögreglunni en án árangurs. Norskir lögreglumenn hafa verið vopnaðir í rúmt ár. Norska ríkisútvarpið greinir frá því að vitað sé að í þremur þessara tilfella hafi ýmist lögreglumenn eða þeir sem reyndu að taka byssurnar skaðast. Í haust tókst einstaklingi á lögreglustöð að hleypa af skoti úr byssu lögreglumanns sem var í hulstri.

Þénaði 2.700 krónum of lítið

3 SVÍPJÓÐ Þegar Íraninn Mehdi Ahmadi, sem kom til að starfa í Svíþjóð árið 2011, ætlaði að fá atvinnuleyfi sitt endurnýjað fyrr á þessu ári komst útlendingastofnunin að því að hann hefði um fimm mánaða skeið í fyrra fengið laun undir tilskildum lágmarkslaunum. Munurinn var 180 sænskar krónur á mánuði, eða 2.700 íslenskar krónur. Fjölskyldunni var vísað úr landi þótt laun Ahmadi hefðu annars verið yfir lágmarkslaunum. Ahmadi hefur áfrýjað.



Félagið Spretur mun bjóða ungu hestafólki upp á aðstoðu í félagsheshúsi sínu á niðurgreiddu verði. MYND/HRAFNHILDUR HELGA

Aðstoða ungmenni í hestamennsku

SAMFÉLAG Hestamannafélagið Spretur í Kópavogi og Gardabæ mun eftir áramót byrja að bjóða ungu hestafólki upp á aðstoðu í félagsheshúsi Spretts á niðurgreiddu verði í því skyni að styðja við þá sem ekki hafa bakland til að hefja hestamennsku, en eiga sinn eigin hest. Í hesthúsi félagsins í vetur verða þannig pláss í boði fyrir ungmenni á aldrinum tólf til tuttugu ára á verulega niðurgreiddu verði.

„Það er ungt fólk sem hefur ekki aðstoðu né aðstoð til að stunda sína hestamennsku og við viljum hjálpa því. Það er ekki ódýrt að vera í hestamennsku og viljum við leggja þeim krökkum lið sem þurfa á því að halda,“ segir Magnús Benediktsson, framkvæmdastjóri Spretts. - ngy



Það kostar sitt að deila á tankinn, sér í lagi ef hann er stór. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spá lækkun á eldsneyti

EFNAHAGSMÁL Eldsneytisverð lækkar um þrjú prósent á næstunni samkvæmt spá Capacent um verðbólgu í desember. Verð hráolíu hefur hriðfallið frá lokum nóvember. Verð tunnunnar er nú tæpir 36 dalir og hefur lækkað um 17 prósent frá því í lok nóvember er verðið var um 42 dalir. Eldsneytisverð lækkaði um 1,5 prósent í byrjun desember en Capacent telur lækkun verða meiri. Verðbólga fari úr 2,0 í 2,1 prósent að mati fyrirtækisins og orsakir hækkunarinnar liggja helst í flugfargjöldum.

Capacent bendir á að flugfargjöld hafi hækkað um rúmlega fimmtung frá því í nóvember og segir um árs-tíðabundna sveiflu að ræða. Hækkunin hefur um 0,35 prósent á áhrif á vísitölu neysluverðs sem útskýrir nær alla hækkun vísitölnnar að þessu sinni. - kbj

SIEMENS

Jólin nálgast.
Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.

BOSCH

BOSCH Matvinnsluvél
MCM 3110W
800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 14.900 kr.



BOSCH Blandari
MMB 42G0B (svartur)
Einstaklega hljóðlátur. 700 W. „Thermosafe“ hágæða-gler sem þolir heita og kalda drykki.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **13.900** kr.
Fullt verð: 17.900 kr.



Gigaset Símtæki
A510
Númeraminni fyrir 150 nöfn og símanúmer. Langur taltími, mikil hljómgæði.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **7.625** kr.
Fullt verð: 8.970 kr.



BOSCH Töfrasproti
MSM 67170
Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 14.900 kr.



BOSCH Hraðsuðukanna
TWK 7809
Koparlituð. Tekur 1,7 lítra. 2200 W.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **12.900** kr.
Fullt verð: 16.900 kr.



Rommelsbacher Vöflujárn
WA 1000/E
1000 W. Úr burstuðu stáli. Viðloðunarfrítt yfirborð.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 14.700 kr.



Camry Eldhúsvogir
CR 31510
Vigtar allt að 5 kg með 1 g nákvæmni.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **2.300** kr.
Fullt verð: 2.900 kr.



ProfiCook Pottasett
KTS 1051
Alls fjórir pottar, þar af þrír með glerloki.
*fæst hjá: **BOSCH SMITH & NORLAND**

Jólaverð: **17.900** kr.
Fullt verð: 22.900 kr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Merkel ver flóttamannastefnu sína

Á flokksþingi CDU segist Merkel, kanslari Þýskalands, sannfærð um að Þýskalandi og Evrópuríkjum takist að ráða við flóttamannavandann. Hún vísar til reynslu Þjóðverja. Um leið þurfi að draga úr fjöldanum með því að senda fljótt til baka flóttafólk sem ekki eigi rétt á hæli.

ÞÝSKALAND „Þetta er sögulegur prófsteinn fyrir Evrópu. Eg vona að við stöndumst þessa raun,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í gær á flokksþingi CDU, flokks kristilegra demókrata, sem nú stendur yfir í Karlsruhe.

Hún var að tala um flóttamannastrauminn til Evrópu, en stefna Merkel í málefnum flóttamanna er eitt helsta umræðuefnið á flokksþinginu.

Hún hefur ítrekað sagt að Þjóðverjar muni taka við öllum þeim flóttamönnum, sem til Þýskalands vilja koma. Jafnvel þótt reiknað sé með að þeir verði yfir milljón á þessu ári, sem brátt er á enda komið.

„Okkur mun takast þetta,“ fullyrta hún eina ferðina enn og vísaði þar til sögu Þýskalands, bæði uppbyggingar landsins úr rústum seinni heimsstyrjaldarinnar og sameiningar þýsku ríkjanna fyrir tæpum aldarfjórðungi: „Ég get sagt þetta vegna þess að það tilheyrir sjálfmynd landsins okkar að gera stóra hluti,“ sagði Merkel.

Hins vegar hefur hún jafnframt krafist þess að önnur Evrópuríki víki sér ekki undan ábyrgðinni.

„Að visu er allt sem við gerum í Evrópu óendanlega tafsamt,“ sagði hún, og átti þar við hin þunglamelegu ákvörðunartökuferli Evrópusambandsins. „Stundum gerir það mann gráherðan, en þetta hefur aldrei verið einfalt í Evrópu.“ Hins

Að visu er allt sem við gerum í Evrópu óendanlega tafsamt.

Angela Merkel,
kanslari Þýskalands

vegar hefur Evrópusambandsríkjunum til þessa alltaf tekist að leysa vandamálin, þótt stundum sé það á síðustu stundu eftir mikið japl, jaml og fuður.

Auk þess sagði hún nauðsynlegt að draga úr fjölda flóttamanna, meðal annars með því að senda fljótt til baka alla þá sem engan rétt eiga á hæli. Þetta sagði hún ekki bara vera í þágu Þýskalands og Evrópu heldur ekki síður í þágu flóttafólksins sjálfs gert: „Því ekki nokkur maður, sama af hvaða ástæðum hann heldur af stað, yfirgefur heimkynni sín að gamni sínu.“

Loks sagði hún óhjákvæmilegt að gera kröfur til flóttafólksins: „Sá sem óskar eftir hæli hjá okkur verður að virða lög okkar og hefðir, og hann verður að læra þýsku,“ sagði hún.

Hún sagðist enga trú hafa á fjölmenningsamfélaginu svonefnda, þar sem innflytjendur haldi í eigin hefðir til hliðar við samfélag heimafólks: „Fjölmenningsamfélagið er þar með lífslygi.“

gudsteinn@frettabladid.is



Angela Merkel í ræðustól á flokksþingi kristilegra demókrata í gær. NORDICPHOTOS/AFP



Vito, hörkuduglegur vinnufélagi

Með Mercedes-Benz Vito fær þitt fyrirtæki dýrmætan liðsauka. Öflugur, sparneytinn og fjölhæfur. Hann fæst sem sendi-, fjölnota- og fólksflutningabíll, framhjóla-, afturhjóla- og fjórhjóladrifinn. Þrjár lengdir og fimm vélaútfærslur í boði og ótal möguleikar eru á að laga hann að sérstökum þörfum.

Vetrardekk fylgja öllum Vito til áramóta, ásamt húfu, trefli og sköfu.

Komdu í Atvinnubíladeild Öskju og kynntu þessum hörkuduglega vinnufélaga.

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.

Vito, millilangur sendibíll, 114 hestöfl, 6 gíra beinskiptur

Verð frá 4.240.000 kr. án vsk





JÓLAVEISLA

Í DAG 15. DESEMBER

AÐEINS Í HOLTAGÖRÐUM



**TAX
FREE
DAGUR**



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **LEIKFÖNGUM,**
BÚSÁHÖLDUM OG SNYRTIVÖRUM



30% afsláttur
af öllum fatnaði og skóm

*Jafngildir 19,36% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups. Gildir ekki af öðrum tilboðum.



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ástand heimsins

1



2



1. Yfir 700 þúsund þurftu að yfirgefa heimili sín víða á Filippseyjum í gær vegna fellibylsins Melor. Sjá má öldugang við ströndina í borginni Legaspi í Albay-héraði. NORDICPHOTOS/AFP

2. Íraskur drengur heldur á lambi í flóttamannabúðum í Samawa-eyðimörkinni, þar sem sauðfé er á beit. NORDICPHOTOS/AFP

3. Kúrdar lentu í átökum við lögregluna í Diarbakir í gær, þegar efnt var til mótmæla gegn útgöngubanni. NORDICPHOTOS/AFP

4. Lögreglumenn bola burt fréttafólki og stuðningsmönnum mannréttindalögfræðingsins Pu Zhiqiang skammt frá réttarsal í Peking. Pu sætir ákærum fyrir að gagnrýna Kommúnistaflokkinn á netinu. NORDICPHOTOS/AFP

5. Borgaralega klæddir lögreglumenn settu upp gasgrímur og stóðu vörð á þinginu í Kosovo eftir að stjórnarandstæðingar beittu tárágasi meðan yfir stóðu harðar deilur um samninga við Serbíu. NORDICPHOTOS/AFP

5



3



4



CITROËN C4



25 VERÐLAUN, TAKK FYRIR!

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svo sannarlega slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal var hann valinn Bill ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

Velkomin í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KAUPAUKI

Fram að áramótum fylgja vetrardekk að verðmæti 140.000 kr. með öllum nýjum Citroën C4 Cactus. Þú færð bílinn á vetrardekkjum og sumardekkinn í skottið. Nýttu tækifærið.

15 ára afmæli
Citroën
á Brimborg



Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Mikil markmið



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Parisarsamkomulagið var samþykkt með lófataki að lokinni loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna Cop21 á sunnudag.

Samkomulagið mun taka gildi árið 2020 þegar Kyótó-bókunin rennur sitt skeið. Ísland var með undanþágu frá þeirri bókun. Hún heimilaði losun á 1.600 þúsund tonnum af koltvísýringi svo hægt væri að byggja hér upp stóriðju. Í þetta sinn er Ísland undanþágulaust – og er því á sama báti og önnur ríki heims í baráttunni við losun gróðurhúsalofttegunda og hyggst leggja sitt af mörkum til að markmið samningsins náist. Hvert ríki mun setja sér eigin aðgerðaáætlun til að ná markmiðum um minnkun losunar til þess að halda megi hlýnun loft-hjúpsins innan við 2°C. Alls koma 195 ríki að Parisarsamkomulaginu sem dekkar ríflega 90 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum í dag. Þetta er fyrsti samningur sinnar tegundar þar sem öll ríki eru með í aðgerðum og markar að því leyti tímamót.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði formaður samninganefndar Íslands í loftslagsmálum, Hugi Ólafsson, að hann kæmi ekki auga á nokkur einustu vonbrigði með niðurstöðu ráðstefnunnar. Markmið Íslands má finna í sóknaráætlun sem lögð var fram í nóvember. Þar má finna nokkuð ómótaðar hugmyndir og er áætlunin að útfæra þær betur eftir niðurstöðu samkomulagsins í Paris nú um helgina.

Þessum sannkallaða tímamótasamningi ber að fagna. Og það innilega. Lengi vel var ekki útséð með það hvort samkomulag yfir höfuð næðist. Ban Ki-moon aðalritari Sameinuðu þjóðanna sagði þessar samningaviðræður þær flóknustu og erfiðustu sem hann hefði nokkurn tímann tekið þátt í. Það eru stór orð komandi frá manni sem tekið hefur þátt í fríðarumleitunum á mörgum stríðshráðustu svæðum heims síðasta tæpa áratuginn. Á sama tíma og um var að ræða erfiðustu samningaviðræðurnar voru þær jafnframt þær mikilvægustu fyrir mannkynið samkvæmt Ban Ki-moon.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í yfirlýsingu þegar samkomulagið var í höfn að stjórnvöld myndu leggja sitt af mörkum bæði hér heima og við að miðla þekkingu og reynslu til annarra þjóða. Í Fréttablaðinu í gær sagði Svandís Svavarsdóttir, þingmaður vinstri grænna, að næsta verkefni væri að sýna að gjörðir fylgdu orðum.

Ljóst er að íslenska samninganefndin hefur fengið viðtækt umboð fyrir hönd þjóðarinnar í samningaviðræðunum. Það verður að hrósa stjórnvöldum fyrir slíkt, enda ljóst að mjög mun reyna á þolrifin þegar kemur að því að mæta hagsmunaaðilum í mengunarvaldandi starfsemi til að standa við okkar skyldu samkvæmt samningnum.

Taka verður undir með Svandísi og leggja áherslu á að efndirnar verði í samræmi við orðin. Miðað við framgöngu okkar fámennu þjóðar á þessum vettvangi eru fyrirheitið fögur og engin ástæða til að efast um að ráðamönnum sé ekki full alvara með að gangast við þeim skyldum sem samningurinn leggur þeim á herðar. En lofa skal mey að morgni; það verður í það minnsta áhugavert að sjá stóriðju- og oliuborunaráætlanir stjórnvalda næstu misserin.



Ljóst er að íslenska samninganefndin hefur fengið viðtækt umboð fyrir hönd þjóðarinnar í samningaviðræðunum.

Halldór



Frá degi til dags

Vonbrigðin

Enn ein skoðanakönnunin birtist í gær sem staðfestir þá þróun á fylgi flokka sem verið hefur í ár. Samkvæmt könnun MMR tróna Piratar enn á toppnum með rétt rúmlega 35 prósent atkvæða. Björt framtíð mælist enn þá undir fimm prósentum og fengi samkvæmt því ekki kjörinn þingmann. Niðurstaðan hlýtur að vera vonbrigði fyrir forsvarsmenn Bjartrar framtíðar, eftir einungis tveggja ára tilvist. Það er í því ljósi sem Robert Marshall, einn þingmanna flokksins, leggur til kosningabandalag vinstri-manna undir forystu Katrínar Jakobsdóttur.

Hreyfanlegur þingmaður

Líklegast þekktja fáir betur landslagið á vinstri væng stjórnmálanna en Róbert, sem hefur verið þar mjög hreyfanlegur. Hann gekk fyrst í Alþýðubandalagið og varð forystumaður ungliða-hreyfingar flokksins. Síðar tók hann þátt í starfi Samfylkingarinnar við sameiningu Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Kvinnalista og varð þingmaður flokksins í Suðurkjördæmi. Eftir brokkngengan feril í Samfylkingunni tók hann svo þátt í stofnun Bjartrar framtíðar og bauð sig fram í Reykjavík. Hvort kosningabandalag vinstri-manna myndi bjarga þingsæti Róberts á eftir að koma í ljós. En það er þess virði að reyna.

jonhakon@frettabladid.is

Skilaboð frá toppAra



Ari Trausti Guðmundsson hóflegur gestur heilbrigðis-kerfisins

Ég hef skrifað um margt sem að mér snýr í blöðin en afar sjaldan um heilbrigðismál. Nú ætla ég að taka til mín nýleg orð Sigmundar Davíðs forsætisráðherra. Ég er nefnilega toppari – sem sagt Ari sem hef gaman af háum toppum og bý við þá gæfu að vera vel heilsuhausstur. En ég þekki til margra sem eru það ekki og ég hef snertifleti við fólk í heilbrigðisgeiranum.

Burtséð frá því að vera toppari hvað heilsu og áhugamáli snertir vil ég koma skilaboðum til Sigmundar og margra annarra sem um heilbrigðismálin véla, til hliðar við stóru orðin sem tókast:

Gagnrýnin á hann og aðra snýst ekki um innræti þingmanna eða nudd hvort þessi ríkisstjórn hafi gert betur en sú síðasta. Hún snýst um að hjartans kerfi þjóðarinnar, heilsugæslan og spítalakeðjan, er ekki aðeins rekið undir ásættanlegri getu heldur liggur leið þess áfram niður á við. Hún snýst um gagnrýni á rangar ákvarðanir um fjármögnun þyrnna samfélagsþjónustu í heilbrigðisgeiranum. Hún beinist afneitun á skýrum, hóflegum og rökstuddum lágmarkskröfum svo tryggja megi öryggi allra er veikjast og meiddast.

Hvorki Sigmundur Davíð, Bjarni Benediktsson né Vigdís Hauksdóttir geta fundið lækni, svo dæmi sé tekið, innan kerfisins sem er ósammála kröfunum. Eða telur ekki skyldu ríkisvaldsins að virða þær og horfa opnum augum inn í spítalana sem eru að kikna.

Þetta eru ekki freklegar kröfur þrýstihóps eða tuð sérhagsmunafólks. Beiðnirnar eiga sér almennan samfélagsstuðning. Sá sem kveinkar sér undan þeim eða vísar þeim höfmóðugur frá er ekki í jarðsambandi við umbjóðendur sína. Fyrirfram teknar ákvarðanir um hallalaus fjárlög eða oftryggð við óbreytanlegar upphæðir til þúsund lagaliða eiga hér ekki við. Heilbrigðiskerfi með lágmarksgetu, að mati allra sem þar starfa, varðar sjálfa viðveru okkar mitt á meðal Sigmundar Davíðs og þeirra hinna. Færi svo, sbr. dæmi Kára Stefáns-sonar um inngríp í hættulegt hjartagáttatíf, að einhver sem nú neitar Lansanum um bráðnaðsýnlegt viðbótarfé, þyrfti á inngrípinu að halda, sætti hann eða hún sig þá við svarið: „Nei, það má bara gera 60 aðgerðir á ári. Vinsamlega reyndu aftur á næsta ári. En fáirðu heilablóðfall sem oft fylgir tífínu, leitaðu þá lækni.“ Í þennan aðgerðapott vantar rúmar 50 milljónir til að sinna lágmarksfjölda aðgerða (150). Heyri ég einhvern spyrja: „Hvar á finna milljónir?“ Þau eru auðveld, pennastríkin.

Stefán Máni

eins og hann gerist bestur!



„Óhugnanlega vel skrifuð, vel fléttuð og spennandi saga.“

BB í Fréttablaðinu



„Ferlega góður spennulestur.“

Auður Haralds á RÚV



sögur
UTGÁFA



Gleðileg jól allra barna?



Margrét Júlía Rafnsdóttir
verkefnastjóri inn-
lendra verkefna hjá
Barnaheillum – Save
the Children á Íslandi



Ekki eru öll börn svo heppin að geta notið aðventu og jóla.

Jólin eru gjarnan nefnd hátíð barnanna, hátíð ljóss og friðar og hátíð samveru. Viða ein-kennir jólín mikil ofgnótt en annars staðar er skortur. Allir keppast við að gera vel við sig og sína, ekki síst við börnin sín og flestir reyna að hafa það að leiðar-ljósi sem er börnum fyrir bestu. Sam-vera fjölskyldu, nánd og kærleikur er flestum það sem skiptir mestu máli. Aðventan er einnig sá tími sem margir nýta til samveru með börnum sínum, til að sækja saman ýmsa við-burði og taka þátt í menningu og listum.

Mismunandi aðstæður barna

Ekki eru öll börn svo heppin að geta notið aðventu og jóla. Mörg börn búa við þannig aðstæður að jólín eru jafnvel tími kvíða og vanlíðunar. Sum börn búa við ofbeldi á heimili og óttast að jólín verði ekki friðsöm, önnur búa við alkóhólisma eða aðra fíknisjúkdóma í fjölskyldum sínum og óttast að heimilið verði heltekið yfir jólín. Svo eru börn sem búa við fátækt og horfa eins og litla stúlkan með eldspýturnar á allsnægtir ann-arra án þess að geta notið þeirra sjálf. Þau finna jafnvel til skammar.

Mörg börn eiga fleiri en eina fjöl-skyldu og geta því ekki dvalist öll jólín á heimilum beggja fjölskyldna. Þau finna jafnvel fyrir átökum foreldra vegna samveru við þau, eða að þau fá jafnvel ekki að umgangast annað foreldri sitt um jólín. Sum börn hafa aldrei fengið að dvelja með öðru for-eldri sínu á aðfangadagskvöldi og hafa þar af leiðandi ekki fengið að upplifa þann hátíðisdag með því for-eldri og fjölskyldu þess. Þessi börn búa mörg við aðstæður þar sem for-eldrar þeirra taka sína eigin hagsmuni fram yfir hagsmuni þeirra.

Réttindi barna

Samkvæmt barnasáttmála Samein-uðu þjóðanna sem hefur verið lög-festur á Íslandi eiga öll börn rétt á að lifa og þroskast, nýta hæfileika sína, njóta öryggis og verndar gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu. Þau eiga rétt á að umgangast báða foreldra

sína. Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á börnum sínum og ber að hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi.

Börn sem búa við ofbeldi á heimili, alkóhólisma eða aðra fíknisjúkdóma búa ekki við öryggi og vernd. Þau búa við vanrækslu. Börn sem búa við fátækt hafa ekki sömu tækifæri og önnur börn svo sem til að taka þátt í samfélagi lista og menningar og fá því jafnvel ekki að uppgötva eigin áhuga-svið eða hæfileika. Börn sem ekki fá að rækta tengsl við fjölskyldur beggja foreldra sinna eru svipt þeim grunn-réttindum sínum.

Jól allra?


Aðfangadagur jóla hefur til þessa verið talinn einn hátíðlegasti dagur ársins á Íslandi og sá dagur sem flest-ir vilja eyða með þeim sem standa hjarta þeirra næst. Því miður er það svo að vegna erfiðra aðstæðna er sá dagur sá erfiðasti og kvíðvænlegasti hjá mörgum börnum.

Ekki halda öll börn á Íslandi upp á jólín. Þau eiga þó sama rétt og önnur börn. Þar að auki eiga þau rétt á að njóta eigin menningar og að iðka eigin trú. Ekki má mismuna börnum að þessu leyti, ekki frekar en hvað varðar önnur réttindi sem börn eiga samkvæmt barnasáttmálanum.

Bernskan liður hratt, en atburðir og aðstæður bernskunnar geta haft afgerandi áhrif á líf barna til fram-tíðar. Ágæti lesandi, ef þú þekkir barn sem býr við óviðunandi aðstæður einhverra hluta vegna, þá getur þú brugðist við og stutt barnið. Þú getur verið til staðar fyrir barnið, þú getur stutt fjölskyldur fátækra barna með því að færa þeim það sem þær skortir eða boðið þeim á einhverja viðburði sem gófa líf þeirra. Þú getur líka stutt hjálparstök og þú getur haft sam-band við yfirvöld sem eiga að tryggja réttindi og vernd barna.

Munum að börn bera ekki ábyrgð á stöðu sinni og hafa yfirleitt ekkert val um hvaða stöðu þau eru í. Tryggjum öllum börnum þau réttindi sem þeim ber og stöndum vörð um velferð þeirra. Það þarf þjóð til að vernda og ala upp barn. Megi jólahátíðin færa öllum gleði, frið og góða samveru.

Kæri Sigmundur Davíð forsætisráðherra!



Helen Sjöfn Steinarsdóttir
öryrki

einhverja af þeim skemmtilegu barnabókum sem voru að koma út.

Þar sem ég hef leitað árlega til hjálparstaka hef ég ekki áhyggjur af því að svelta. Fjölskylda mín og vinir eiga nóg með sig en hafa samt hingað til styrkt mig eftir bestu getu og ég bara get ekki hugsað mér að leita til þeirra einu sinni enn.

Því datt mér í hug, kæri Sigmundur Davíð, að þú privat og persónu-lega, værir kannski til í að styrkja mig um smáupphæð fyrir jólín (held að nýútkomin barnabók gæti kost-að 3-4 þús. kr.)? Ég frétti nefnilega á skotspónum að þú hefðir fengið sanngjarna launahækkun, meira að segja nokkra mánuði aftur í tímann, og ert því kannski aflögufær!

Ef illa árar hjá þér myndi ég líka þiggja lán sem ég gæti þá borgað þér eftir áramótin þegar ég verð búin að fá mína sanngjörnu hækkun. Að lokum óska ég þér gleðilegra jóla og áframhaldandi farsældar á nýju ári!

Með fullri virðingu, von í hjarta og fyrirfram þökk!

P.s. Ef þú vilt fá bankaupplýsing-arnar mínar, þá er ég í símaskránni!

Glæpavæðing í boði stjórnvalda



Guðmundur Ingi Þóroddsson
formaður Afstöðu

Nytt frumvarp um fulln-ustu refsinga sem inn-anríkisráðherra hefur lagt fram á Alþingi er engin framför á núver-andi refsistefnu. Betrun kemur ekki einu sinni fram í frumvarpinu, sem er því miður illa unnið og vanhugsað. Það frumvarp sem nú hefur verið lagt fram byggir á úreltri refsistefnu.

Hvers vegna betrun?

Á Íslandi kemur annar hver fangi aftur í fangelsi þrátt fyrir dýrt fang-elskerfi. Það er með öllu óviðunandi árangur!

Öll Norðurlöndin, utan Íslands, hafa tekið upp betrunarstefnu með ótvíræðum árangri sem hefur skilað sér í lægri endurkomutíðni í fangelsi, fækkun glæpa, færri brotaþolum, minni fangelsiskostnaði, auk minna álags á lögreglu, dómstóla og fangelsi. Endurkomutíðni á Norðurlöndunum er um 20% og er enn lægri þegar skoð-aður er sérstaklega árangur af opnum fangelsum. Ef við tækjum upp slíkt kerfi myndi það skila okkur öllu því sama og lækka til muna allan kostnað við rekstur fangelsismála.

Vel yfir 60% allra fanga á Íslandi verða að öryrkjum í afplánun. Bara með því að laga það myndu sparast háar upphæðir. Ef dómþolar yrðu að nýtum þjóðfélagsþegnum í afplánun myndu tekjur þjóðfélagsins aukast í stað útgjalda. En til þess að svo geti orðið þarf að skipta úr refsikerfi yfir í betrunarkerfi. Það hafa önnur nor-ræn ríki gert með góðum árangri. Norsk betrunarstefna er orðin að útflytningssvöru hjá Norðmönnum: stefna sem byggir á þekkingu, reynslu og rannsóknum og aðrar þjóðir vilja nýta sér til að ná árangri. En, af hverju ekki við?

Ódýrara kerfi

Norðurlöndin hafa líka verið að



fjölga úrræðum dómstóla t.d. með því að dæma til afplánunar undir raf-rænu eftirliti, í samfélagsþjónustu, í misopin fangelsi og jafnvel til skil-orðsbundinna meðferðarúrræða. Þar er einnig verið að fjölga opnum fangelsum, sem slaga sums staðar upp í helming fangelsisplássna, auk þess sem til koma önnur afplánunar-úrræði utan fangelsa.

Ísland er að fara í öfuga átt og verða opin fangelsisúrræði einungis um fjórðungur úrræða eftir tilkomu fangelsisins á Hólmsheiði. Þar sem opin úrræði eru fleiri og betrun er höfð að leiðarljósi er endurkomu-tíðni í fangelsi lægri. Það hlýtur að vera meginmarkmiðið með kerfinu, að fækka endurkomum og um leið brotaþolum.

Afstaða hefur itrekað reynt að kynna fyrir stjórnvöldum þann mikla árangur sem önnur norræn ríki hafa náð í fangelsismálum en án árang-urs. Ástæða hárrar endurkomutíðni í fangelsi hér á landi er afleiðing lélegs fangelsiskerfis, sem er byggt á úreltri refsistefnu, sem virðist engu skila. Ég fullyrði að hægt er að lækka kostnað við rekstur fangelsa og afleiddur kostnaður mun fara minnkandi með árunum sem og tala fanga, ef tekin verður upp norræn betrunarstefna héraendis.

Nú er tækifæri

Nú er kjörið tækifæri til að móta í fyrsta sinn stefnu í fangelsismálum, sem hefur það að markmiði að fækka endurkomum í fangelsi og byggja upp einstaklinga til virkrar þátttöku í sam-félaginu – allt frá upphafi afplánunar. Ef vilji er til þess að taka upp kerfi



Það er okkar skoðun að úr fangelsunum ættu að útskrif-ast einstaklingar með verk-menntun: smiðir, múrarar, rafvirkjar, píparar, kokkar eða bakarar í stað þess að þaðan útskrifist flestir sem öryrkjar. Kostnaður mun lækka og vera öllu samfé-laginu til bóta.

sem skilar árangri þarf samstarf milli aðila. Afstaða hefur alltaf verið tilbúin til jákvæðs samstarfs um endurbætur á fangelsismálum. Ef ekkert verður að gert og haldið áfram með úrelta refsistefnu mun það leiða til þess að kostnaður mun áfram aukast ár frá ári og þjóðfélagið fara á mis við þau tæki-færi sem eru fölgín í að byggja upp einstaklinga, sem afvega hafa farið í lífinu. Því miður hefur innanríkis-ráðherra ekki séð sér fært að ræða við Afstöðu um frumvarpið, sem hún hefur lagt fram.

Það er okkar skoðun að úr fangels-unum ættu að útskrifast einstaklingar með verkmenntun: smiðir, múrarar, rafvirkjar, píparar, kokkar eða bakar-ar í stað þess að þaðan útskrifist flestir sem öryrkjar. Kostnaður mun lækka og vera öllu samfélaginu til bóta. Sameiginleg markmið okkar ætti að vera: færri endurkomur í fangelsin, betri þjóðfélagsþegnar koma úr fang-elsunum og lægri rekstrarkostnaður.



í kvöld

Kærleiks- og kyrrðarstund

Náttúrulækningafélag Reykjavíkur stendur fyrir Kærleiks- og kyrrðarstund þriðjudaginn 15. desember 2015 kl. 20:00 í safnaðarheimili Laugarneskirkju við Kirkjuteig, 105 Reykjavík.

Dagskrá kvöldsins:

Notaleg tónlist - Uni og Jón Tryggvi

Hugleiðing á aðventu - Ingi Þór Jónsson formaður NLFR

Rós Ingadóttir syngur falleg lög. Meðleikari: Helgi Hannesson

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur les upp úr bók sinni

Og svo tjöllum við okkur í rallið

Slökun með Unni Arndísardóttur jógakennara

Jurtate, piparkökur og jólaglaðningur

Allir velkomnir

Aðgangur 500 kr. - frítt fyrir félagsmenn



Berum ábyrgð á eigin heilsu

Hlutverk Íslenskra orkurannsókna, ÍSOR



Ólafur G. Flóvenz
forstjóri ÍSOR

Í nýlegri grein í Fréttablaðinu kvartar Gunnlaugur H. Jónsson yfir því að stefna ÍSOR í nýtingu jarðhita sé óljós. Það er mér ljúft og skylt að skýra hlutverk ÍSOR og stefnu í nýtingu jarðhita.

ÍSOR er rannsóknastofnun á sviði náttúruvafars, orku- og auðlindamála í eigu íslenska ríkisins. ÍSOR fær þó engin fjárframlög frá ríkinu, en vinnur öll sín verk samkvæmt verk-samningum við fyrirtæki og stofnanir víða um heim. Jarðhitarannsóknir og ráðgjöf eru kjarnastarfsemi ÍSOR sem auk þess sinnir ýmiss konar verkefnum á sviði grunnvatns, umhverfismála, jarðfræðikortlagningar, hafsbotnsrannsókna

og mannvirkjajarðfræði. Starfsemi byggist á þekkingu sem fengin er með rannsóknum, öflun gagna og þróun tækni og aðferða. ÍSOR starfar á samkeppnisforsendum með hagkvæmar lausnir og virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leidarljósi.

ÍSOR hefur sinnt jarðhitarannsóknnum í 70 ár, framan af sem hluti af Raforakúmálaskrifstofunni, síðar Orkustofnun og loks sem sjálfstæð stofnun frá árinu 2003. Lengst af hefur það verið markmið rannsóknanna að útvega landsmönnum ódýra og umhverfisvæna varmaorku til hitunar og raforkuframleiðslu. Í seinni tíð hefur áherslan færst meira yfir á jarðhitaverkefni erlendis, m.a. með kenngslu og þjálfun sérfræðinga í þróunarríkjunum í jarðhitafræðum. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að beina athygli erlendra stjórn-málamanna og fjárfesta að þeim möguleikum sem fjölmörg þróunarríki hafa til orkuvinnslu úr jarðhita í stað þess að nota jarðefnaeldsneyti. Með þessu móti leggur ÍSOR nokkuð af mörkum utan Íslands í baráttunni



Stefna ÍSOR hefur um áratuga skeið verið að ráðleggja viðskiptavinum sínum að nýta auðlindirnar á sjálfbæran, hagkvæman og ábyrgan hátt.

gegn loftslagsbreytingum og stuðlar að bættum hag ýmissa fátækra ríkja.

ÍSOR hefur að miklu leyti lagt hinn jarðvísindalega grunn að þeirri miklu þróun sem hefur orðið í jarðhitavinnslu á Íslandi og hefur gert Ísland að einstöku landi í notkun endurnýjanlegra orkulinda. Jarðhitavinnslan á einnig ríkan þátt í þeirri velferð sem við búum við á Íslandi. Leiðin hefur þó ekki alltaf verið greið og á umliðnum áratugum hafa komið upp fjölmörg vandamál bæði við virkjun til hitunar og raforkuframleiðslu. Með þrotlausri vinnu, rannsóknum

og tilraunastarfsemi hefur íslenskum jarðhitamönnum tekist að yfirvinna fjölmargar hindranir tengdar beislun jarðhitans.

Flest vandamál leyst

Oft hafa þó risið upp úrtölumenn sem miklað hafa fyrir sér hindranir og vandamál og viljað gefast upp. Flest vandamál í tengslum við lág-hitavinnslu á Íslandi hafa verið leyst, en þótt mikið hafi áunnist í þekkingu á nýtingu háhitavæða undanfarna áratugi eru enn mörg viðfangsefni tengd henni, sem þarf að leysa. Til þess þarf rannsóknir, reynslu af nýtingu slíkra svæða og vilja til framþróunar.

ÍSOR er rannsóknastofnun sem m.a. veitir viðskiptavinum sínum ráðleggingar um hvernig heppilegast er að standa að nýtingu jarðhita í ljósi rannsóknaniðurstaðna og fyrirliggjandi þekkingar. Stefna ÍSOR hefur um áratuga skeið verið að ráðleggja viðskiptavinum sínum að nýta auðlindirnar á sjálfbæran, hagkvæman og ábyrgan hátt. Það felur

í sér að gætilega sé farið í sakirnar og jarðhitinn virkjaður í hæfilega stórum áföngum, fyrst og fremst til að forðast offjárfestingu sem fælist í að reisa stærri mannvirki en viðkomandi jarðhitavæði stendur undir með sjálfbærum hætti.

Eftir að reynsla hefur fengist af hverjum áfanga er hægt að meta sjálfbæra vinnslugetu af mun meiri nákvæmni en áður. Hversu stór hinn hæfilegi áfangi á að vera er breytilegt eftir aðstæðum frá einum stað til annars. Hér er einnig rétt að hafa í huga að það getur líka leitt til offjárfestingar að hafa áfangana of litla. Um það mun ég fjalla í annarri grein síðar.

Sá sem ætlar að virkja jarðhita tekur endanlega ákvörðun um stærð áfanganna. Hann þarf því að meta út frá líkum á árangri og fjárhagslegri áhættu hversu stór skref skynsamlegt er taka hverju sinni. Inn í það dæmi ganga meðal annars jarðhitafræðilegar ráðleggingar ÍSOR, en einnig hagfræðilegir og þjóðfélagslegir þættir sem aðrir en ÍSOR meta.

Sögur blómga menninguna



Gunnlaugur Stefánsson
prestur í Heydölum

Aðventan er sérstakur tími og kallar okkur til undirbúnings fyrir helga hátíð. Allt er það endurvarp af einni sögu. Sögunni af fæðingu Jesú Krists í Betlehem sem hefur haft svo mikil áhrif á menningu margra þjóða. Við erum að spegla okkur í þeirri sögu. Það er inngröið í menningu okkar. Boðskapur sögunnar er að elska og sjá hvað dýrmætast er í lífinu. Sömuleiðis horfum við í okkar persónulegu sögu, minnumst, söknum og þökkum. Það er eins og lífið uppljúkst, en vekur um leið þrá til að halda áfram að rækta hið góða og fagra.

Sögur eru lífinu dýrmætar. Þjóð og einstaklingur speglar sig í sögum sínum. Við höfum fengið sögur í arf og lífum þessar sögur aftur og aftur sem verða eins og veruleiki á líðandi stundu. Við undirbúum jól eins og Jesús eigi að fæðast hjá þér og mér á jólanótt. Verður allt tilbúið til að taka á móti honum? Um það fjallar aðventan.

Táknin allt um kring á aðventu og jólum minna á nærveru Jesú. Við viljum að fögur birta lýsi yfir umhverfi okkar. Jesús líkti sjálfum sér við ljósið og sagði: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins.“ Í jólaguðspjalli Jóhannesar segir, að Jesús sé líf sem er ljós mannanna. Þess vegna lýsir ljósið svo skært í táknmyndum okkar um jól.

Kertín á hringlaga adventukransinum minna á þetta og fjóra sunnudaga adventunnar og fá nöfn sín úr sögunum um fæðingu Jesú. Spádómskertið vitnar um spámanninginn sem boðaði komu frelsarans í heiminn. Betlehemskerið minnir á fæðingarstað Jesú. Hirðakerið til táknar um hirðana sem fyrstir fréttu af fæðingunni í fjárhúsinu og svo englakertið til heiðurs englunum á Betlehems-völlum, sendiboðar Guðs sem sögðu frá frelsara fæddum og boðuðu frið á jörð.

Svo er jólatré, fagurskreytt og ljósum þrytt, sprottið af sögunni úr ljóði Biblíunnar um sköpun himins og jarðar. Það minnir á nærveru Guðs í skapandi mætti sínum og lífsins tré í Paradís og er sigrænt, sem er litur vonarinnar, en um leið lifandi tákn



Guðsþjónustan er rækt við trúna, sögurnar og listina sem blómgað hafa menningu okkar um aldir, og helgisöðirnir í kirkjunni eru skilaboð út í samfélagið um virðingu í samskiptum.

um gnægtir sköpunar Guðs, sem við nýtum og njótum til farsældar lífinu. Og Jesús líkti sér við hið græna tré.

Og við gefum ástvinum okkar gjafir á jólum í minningu sögunnar um vitringuna frá Austurlöndum sem fylgdu stjórnun til Betlehem og gáfu barninu í jótunni gjafir, gull, reykelis og myrru.

Skilaboð út í samfélagið

Sögur blómga síði, sem við spegulum okkur í. Krossinn í þjóðfánanum á sína sögu. Dagatalið bendir á sögurnar sem eru að baki sérhverjum merkisdagi. Og þjóðsöngurinn er bæna-sálmur með beinni tilvísun í Davíðs-sálma. Þannig hefur listin mótað menninguna og sótt efnivið í sögur trúarinnar hvort sem horft er til bókmennta, leiklistar, tónlistar, bygginga, myndlistar og kvikmynda og einmitt þar sem listin hefur risið hæst.

Við ræktum minningu þessara sagna með verkum okkar og háttum. Fjöluþlúr litur adventunnar er tákn-rænn um það. Þá koma í huga sögurnar af Jesú og máttarverkin hans og dæmisögurnar t.d. sagan um miskunnssama Samverjann og orð Jesú: „Komið til mín, öll þér sem erfiðir og þunga eruð hlaðin, og ég mun veita yður hvíld.“ „Þú skalt elska náungann eins og sjálfan þig.“

Sögurnar af Jesú hvetja til góðra

verka. Það sjáum við í undirbúningi okkar fyrir jólin.

Verður það, ef sagan um tilefni jólaanna gleymist? Er mögulegt að þjóð sameinist um að halda fallega hátíð með gefandi boðskap án þess að vita hvert tilefnið er?

Kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000 með orðum Þorgeirs, Ljósveitingagóða, að ráð væri að hafa ein lög og einn sið. Í umræðum um fjölmenningu nútímans, þá stöndum við í raun frammi fyrir þessari spurningunni:

Er ráð Þorgeirs, Ljósveitingagóða, um ein lög og einn sið enn í gildi eða er nú ráð að breyta til og er þá annað og betra í boði? Hvaða sögur eða minningar taka þá við, sem þjóðin getur miðað menningu sína við, ræktað og speglað sig í?

Angela Merkel, kanslari Þýskalands og prestsdóttir frá Austur-Þýskalandi, var nýlega spurð: „Hvað get ég gert til þess að varðveita og rækta það sem mér er kærast í menningu okkar?“ Kanslarinn svaraði um leið og hún hvatti landa sína til að taka vel á móti flóttafólki: „Sæktu guðsþjónustur kirkjunni þinni.“

Menningin er okkur hjartfólgin af því að í henni felst tilvera mín, öryggi og samfélag mitt við samferðafólki. Guðsþjónustan er rækt við trúna, sögurnar og listina sem blómgað hafa menningu okkar um aldir, og helgisöðirnir í kirkjunni eru skilaboð út í samfélagið um virðingu í samskiptum.

Það sjáum við svo vel, þegar við hugum að okkar persónulegu sögu um hefðir og siði tengdum adventu og jólum. Þar er virðing og kærleikur í fyrirrúmi, allt í föstum skorðum og blómgað af sögum og minningum sem eru okkur dýrmætar og samofnar tákn máli úr reynslu kristinnar trúar. Reynsla sem við ölumst upp við í bernsku og berum komandi kynslóðum. Yfir hana lýsir ljós af fæðingu frelsarans, Jesú Krists. Það er saga sem sameinar þjóð í einum sið og ræktar fallega menningu sem er okkur kær.

ÞAÐ LÍÐUR AÐ JÓLUM

ROYAL CORINNA

Þægileg millistíf dýna með fimm-svæðaskiptu poka-gorma kerfi og góðann mjúkan topp ásamt hörðum PU-leðurklæddum botni á stál löppum

Stærð: 90x200cm Verð: 83.709 kr.- Tilboð: 66.967 kr.	Stærð: 120x200cm Verð: 98.036 kr. Tilboð: 78.429 kr.	Stærð: 153x200cm Verð: 124.620 kr. Tilboð: 99.696 kr.
--	--	---



JÓLAGJAFIR FYRIR DÝR OG DÝRAVINI Í DÝRARÍKINU HOLTAGÖRÐUM

Mikið úrval af klórustaurum og rúmm

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ OG GÓÐ VERÐ

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum :: fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslan landsins Síni 568 66 68 Opnið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar



„... hröð og forvitnileg atburðarás ... klárlega ein af betri bókum Arnaldar Indriðasonar og er þá mikið sagt.“ BIH / DV

„... fléttan er listilega vel gerð ...“

HÝI / SIRKUSTJALDID.IS

„Glæpasagna-
höfundur í
heimsklassa.“


THE SUNDAY TIMES

„Sannkallaður
sagnameistari.“

THE GUARDIAN

„Arnaldur
Indriðason
nær einstakri sál-
fræðilegri dýpt.“

INDEPENDENT



1.

**Metsölulisti
Eymundsson**

HEILDARLISTI
vika 49



„Arnaldur hefur að
venju yfirburða tök
á efninu ... Hann er
hér í fantaformi.“

GG / HERDUBREID.IS



„Enn eitt
meistarastykkið
frá Arnaldi ...“

SG / MORGUNBLAÐIÐ



„Mjög, mjög gott.
Spennandi og
feiknavel skrifuð ...“

BB / FRÉTTABLAÐIÐ



Hvað felst í jólagjöf?



Eva Ólafsdóttir
félagsráðgjafi
MA



Hvað hlýst af þessu öllu? Börnin alast upp við brenglað gildismat þar sem það skiptir minna máli hver þú ert og hvað þú gerir heldur en hvað þú átt... og hvað það kostaði!

Fyrir nokkrum dögum rakst ég á umræðu á netinu þar sem fólk skiptist á skoðunum um það hversu hárrí upphæð væri sanngjarnt að eyða í jólagjöf til barnanna. Margir nefndu ákveðið viðmið – allt frá nokkrum þúsundköllum upp í tugi þúsunda. Og oftast en ekki var búið að ákveða hærri upphæð fyrir eldri börn en þau yngri.

Ég velti því fyrir mér hvaða hugur liggur hér að baki. Hvað felst í þeim gjöfum sem við gefum börnunum okkar og öðrum ástvinum? Það er svo skrítíð hvernig gildismat landans virðist að miklu leyti markast af peningum. Peningar eru orðnir mælikvarði á það hversu mikils virði hlutirnir eru og ef þú kaupir eitthvað nógu dýrt þá ættirðu að vera öruggar með að verða þér ekki til skammar með jólagjöfni sem þú gefur.

Á hverju ári þegar jólin nálgast byrjar sami tvískinnungurinn að hljóma. Fólk deilir á samfélagsmiðlum fallegum boðskap um raunverulegan tilgang jólanna og þá þætti sem við eigum að leggja áherslu á á þessum tíma. Ekki tapa þér í stressinu! Ekki missa þig í þrifum og tiltekt! Ekki versla frá

þér allt vit! Því jólin eru hátíð ljós og friðar.

Fljótlega fara svo að tínast inn sögur þar sem niðurbrotin jólasveinar skammast sín fyrir að hafa gefið barni mandarínu þegar annar jólasveinn (augljóslega alveg með'etta) gaf nýjustu eplagræjuna. Og þá er ekki að tala um skrælara.

Auglýsingar æpa á okkur með „jólagjöf ársins“ og áður en fólk getur snúið sér í hring hefur hjardhegðunin tekið völdin og allir hlaupa á eftir hinum til að verða sér nú ekki til skammar með einhverri hallærisgjöf sem var vinsæl í fyrra. Eða jafnvel hitteðfyrra!

Lifseigt fyrirbæri

Svo virðist sem efnishygga sé ótrúlega lifseigt fyrirbæri. Svo lifseig að hún nær rétt svo að blunda í þjóðarsálinni í gegnum krepputíma en vaknar af dvalanum jafnskjótt og

fólk er komið um borð í björgunarbátana á meðan skútan marar enn í hálfu kafi. Kapphlaupið endurtekur sig – allir verða að eignast það sem Jói og Sigga við hliðina voru að eignast. Allir rembast við að skreyta sig með fjöðrum af sama hananum. Sem mér finnst raunar alveg óskiljanlegt, því hvað er eftirsóknarvert við það að heilu radhúsallengjurnar séu með sömu blómavasana, sömu húsagnalínuna og sama þrefalda klósettpappírinn (en hey, þetta er sko PAPCO!)?

Hvað hlýst af þessu öllu? Börnin alast upp við brenglað gildismat þar sem það skiptir minna máli hver þú ert og hvað þú gerir heldur en hvað þú átt... og hvað það kostaði! Mannkostir einstaklingsins lúta í lægra haldi fyrir efnislegum hlutum, íburði og tilgerð. Sorglegt en satt. Og þegar upp er staðið skilur þetta ekkert eftir sig því enginn mun minnast þín fyrir dótið sem þú áttir. Þælu í því.

Áð þessu sögðu vil ég bæta við að auðvitað er ekki hægt að alhæfa um allt og alla og innst inni vitum við flest hvað lifið snýst um. Við vitum að allt þetta dót veitir okkur enga raunverulega hamingju heldur í besta falli stundarfro þar til næsta „jólagjöf ársins“ poppar upp. Við vitum að jólin snúast um ljós og frið og gæðastundir með þeim sem okkur þykir vænst um. En einhverra hluta vegna virðast þau ítök sem hjörðin hefur vera ótrúlega sterk og um leið og flaumurinn fer af stað hrífur hann fólk með sér – þrátt fyrir háleitar yfirlýsingar þess um raunverulegt gildi jólanna. Gleðilega hátíð.



Amtmannsstígur 2b, Félagsheimil KFUM í upphaflegri mynd.

Aldarafmæli Karlakórsins Fóstbræðra 2016



Arinbjörn
Vilhjálmsson
formaður
Karlakórsins
Fóstbræðra



Ég skora á þá sem fara með húsnaðismál MR að endurskoða stöðu hússins í deiliskipulagi og legg til að elsti hluti KFUM-hússins verði gerður upp í upprunalegri mynd á upprunalegum stað.

Laugardagskvöldið 18. nóvember árið 1916 komu ungir menn saman í kjallara félagsheimilis KFUM við Amtmannstíg. Á þessum fundi tóku þeir ákvörðun um að endurreisa karlakór sem þeir höfðu staðið að innan vébanda KFUM með einhverjum hléum frá árinu 1911. Í þetta sinn hafði þeim tekist að fá Jón Halldórsson til þess að taka að sér söngstjórn. Litið hefur verið á þennan fund sem stofnfund Karlakórs KFUM sem frá árinu 1936 hefur borið nafnið Karlakórinn Fóstbræður. Saga kórsins er samofin þjóðarsögunni og kórinn ávallt hefur verið reidubúinn til þess að leggja sitt af mörkum til að glæða hátíðir lifi og list bæði í gleði og sorg.

Nú eru því liðin 99 ár frá þessum fundi og að ári mun Karlakórinn Fóstbræður halda upp á 100 ára afmæli sitt og eru ýmsir viðburðir af því tilefni nú í undirbúningi.

Í lok apríl verða 100. vortónleikar Fóstbræðra í Norðurljósasal Hörpu og verður Dísella Lárusdóttir einsöngvari á þeim tónleikum. Kórinn stendur fyrir norrænu karlakórámóti um hvítasunnuhelgina sem verður sérstaklega helgað aldarafmæli kórsins. Það er haldið í samstarfi við Norræna karlakórasambandið. Hafa nú á þriðja tug kóra boðað þátttöku sína og helmingur þeirra norrænir. Kórarnir munu leggja undir sig Hörpu þessa helgi og gefst landsmönnum þar kostur á að hlýða á fjölbreyttan norrænan karlakórasöng eins og hann gerist bestur. Mótið verður stærsta alþjóðlega karlakóramót sem haldið hefur verið hérlendis.

Hátíðartónleikar kórsins verða síðan föstudaginn 18. nóvember þegar liðin verður rétt öld frá stofndegi. Þeir verða í Eldborgarsal Hörpu og mun kórinn og söngstjóri hans Árni Harðarson leggja allan sinn metnað í að tónleikarnir verði sem glæsilegastir.

Á aldarafmælinu höfum við ráðgert að vígja minningarskjöld á því húsi þar sem kórinn var stofnaður réttir öld áður. Þegar við leituðum til Menntaskólans í Reykjavík til að fá leyfi til þess að setja skjöldinn á húsið, Amtmannsstíg 2B, komumst

við að því að samkvæmt deiliskipulagi er ráðgert að þetta merka hús muni víkja fyrir nýbyggingum. Það kom okkur á óvart þar sem að hér er um byggingu með ótvírátt menningarsögulegt gildi að ræða. Húsið sem var reist 1906 var ein merkasta menningarmiðstöð í Reykjavík á fyrri hluta síðustu aldar og fóstaraði þau mörgu félög sem voru félagslegur ávöxtur hins fjölpætta brautryðjendastarfs sr. Friðriks Friðrikssonar. Má auk Karlakórsins Fóstbræðra nefna Knattspyrnufélagið Val, Hauka og Skátahreyinguna. Meira að segja Verslunarráð Íslands var stofnað í þessu húsi.

Endurskoða þarf stöðu hússins

Þetta var glæsilegt samkomuhús, óvenjulegt að gerð og útliti en má þó ótvírátt flokka sem íslenska timburhúsaklassík. Höfundur hússins var Einar Erlendsson, einn merkasti húsameistari 20. aldar. Nú liggur fyrir álit Minjastofnunar um að byggingin hafi mikið varðveislugildi vegnar menningarsögu og byggingarlistar en stofnunin telur sig ekki geta gert kröfu um varðveislu hússins á núverandi stað vegna fyrri afgreiðslu málsins í húsafriðunarnefnd. Svo virðist sem mistök hafi verið gerð við fyrra mat húsafriðunarnefndar.

Ég skora á þá sem fara með húsnaðismál MR að endurskoða stöðu hússins í deiliskipulagi og legg til að elsti hluti KFUM-hússins verði gerður upp í upprunalegri mynd á upprunalegum stað. Til þess þarf að endurskoða hið ágæta deiliskipulag sem samþykkt hefur verið á reitnum. En um leið skora ég á yfirvöld að hraða fjárveitingum til aðkallandi uppbyggingar Menntaskólans í Reykjavík.

Að því sögðu býð ég landsmönnum að taka þátt í aldarafmæli Karlakórsins Fóstbræðra árið 2016 en kórinn mun leggja sig allan fram um að viðburðirnir standi undir því nafni sem kórmeðlimir og söngstjórar hafa skapað honum.

Knorr færir þér hátíðarkraftinn

Settu hátíðarkraft í sósuna með Knorr – kraftinum sem þú þekkir og treystir!



...KEMUR MEÐ GÓÐA BRAGÐIÐ!

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Æfir með rokk í eyrunum

Hafdis Sigurðardóttir frjalsíþróttakona

hefur æft af kappi frá barnsaldri.

Lakkristoppar og Brynju-ís eru

hennar helstu freistingar. Dag-

inn byrjar hún á hafragraut.

BLS. 4

MELTINGARENSÍM EÐA ASÍDÓFÍLUS?

GENGUR VEL kynnir *Prógastró* og *Digestive enzyme complex*. *Prógastró* stuðlar að heilbrigðri meltingarflóru en *Digestive enzyme* auðveldar meltingu.

Heilbrigð melting og meltingarflóra er ein af undirstöðum góðrar heilsu. Þegar maginn kvartar getur verið erfitt að átta sig á hvað það er sem hentar manni best. Prógastró er asídófilus sem stuðlar að heilbrigðri þarmaflóru en heilbrigð þarmaflóra er mikilvæg fyrir alla. Sumir þurfa hins vegar einnig hjálp við að melta vissan mat, s.s. mjólkurvörur, feitar sósur og fleira. Þá getur *Digestive enzyme complex* komið að góðum notum,“ segir Hrönn Hjálmaradóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari.



PRÓGASTRÓ FÆST

í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. *Digestive enzyme complex* fæst í flestum apótekum, Hagkaupi, Heilsutorgi Blómavals og Fjarðarkaupum.

W
WINSTON LIVING



Tímalaus hönnun | Lífstílsvörur | winstonliving.is
Nýbýlavegi 8 í Portinu | 200 Kópavogur

**SMÁRÉTTA HOT PLATE
OG GOS ~~2.020~~ 1.616**

15.-23.des



Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsstræt 4a
www.culiacan.is

PRÓGASTRÓ

HEILBRIGÐUR RISTILL

- Heilbrigð þarmaflóra
- Betri upptaka næringarefna
- Getur haft jákvæð áhrif á svefn
- Getur haft jákvæð áhrif á líkamsþyngd
- Dregur úr og getur komið í veg fyrir bólgusjúkdóma

Prógastró inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum:

L acidophilus DDS-1, B longum, B bifidum og B lactis



Er laust við mjólk, glúten, soja og rotvarnarefni.

Prógastrógerlarnir eru bæði gall- og sýrupólnir en allajafna eiga svona gerlar mjög erfitt með að lifa af í háu sýrustigi eins og er í maganum okkar. Þeir komast því heilir gegnum magann og í smáparmana þar sem þeir margfalda sig og „vinna vinnuna sína“.

VINNA VEL Prógastrógerlarnir margfalda sig í smáþörmunum og vinna vel.

DIGESTIVE ENZYME COMPLEX

GÓÐ MELTING

- Auðveldar meltingu á þungum mat
- Minnkar líkur á uppþembu og óþægindum
- Brýtur niður laktósa

Innihaldsefni:

Amylase – ensím sem hjálpa til við niðurbrot á kolvetnum.

Lipase – ensím sem sjá um meltingu/niðurbrot á fitu.

Protease – ensím sem hjálpa til við meltingu/



niðurbrot á próteinum.

Cellulase - hjálpar til við niðurbrot á jurtatrefjum og breytir þeim í glúkósa.

Lactase – brýtur niður laktósa í mjólkurvörum. Sérstaklega hjálplegt þeim sem þjást af laktósa-/mjólkuróþoli.

Betaine hydrochloride – nauðsynlegt hjálparefni við niðurbrot á próteini.

GOTT VIÐ UPPÞEMBU Sumir þurfa hjálp við að melta vissan mat, s.s. mjólkurvörur, feitar sósur og fleira. Þá getur *Digestive enzyme complex* komið að góðum notum.

Jólagjafirnar í ár

dji

Phantom 3



Osmo



Inspire



Ronin



Raðgreiðslur í boði

Taska fylgir með



Aukarafilaða fylgir með

DRONEFLY.IS

sími: 566 6666




Aukarafilaða fylgir með



Aukarafilaða fylgir með

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429



HUMARSÚPA

Súpan er fullelduð og aðeins þarf að hita hana upp

Við notum ekki MSG í súpuna okkar. Hún fæst í öllum helstu matvöruverslunum og stórmörkuðum landsins.

GRIMUR KOKKUR



Vetrardagar

20% afsláttar af öllum fatnaði.

Fallegur og vandaður fatnaður, tilvalin í jólapakkan.

Verið velkomnar.

B/AS/LE/R Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



FLYTUR DOKTORSVÖRN Doktorsvörn Ásta fer fram á morgun. Þar fjallar hún um doktorsverkefni sitt; Hrunið – Heilsa og líðan starfsfólks íslenskra banka í kjölfar bankahruns.

MYND/VILHELM

LÍÐAN BANKASTARFS- MANNA EFTIR HRUN

RANNSÓKN Í doktorsverkefni sínu kannaði Ásta Snorradóttir heilsu og líðan starfsfólks íslenskra banka í kjölfar bankahruns. Þar kom til dæmis í ljós að verst leið þeim starfsmönnum sem héldu vinnu sinni en upplifðu starf sitt ótryggt. Best leið þeim sem misstu vinnuna en voru komnir í nýtt starf.

Ásta hóf doktorsnám við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands á miklum umbrotatímum árið 2009, þegar bankahrunið stóð sem hæst. Hún hefur mikinn áhuga á vinnustöðum, heilsu og líðan fólks enda starfar hún hjá Vinnueftirlitinu, er félagsfræðingur og hjúkrunarfræðingur og hefur sérhæft sig í félagslegum og andlegum áhættuþáttum á vinnustöðum.

„Bankarnir voru mannmargir vinnustaðir með yfir 3.000 starfsmenn. Mér fannst athyglisvert að vita hvernig er að starfa á vinnustað sem tekur svo snöggum og miklum breytingum á stuttum tíma,“ segir Ásta um upphafið að doktorsverkefni sínu.

GOTT SVARHLUTFALL

Rannsóknin var samstarfverkefni Háskóla Íslands, Vinnueftirlitsins og samtaka starfsfólks í fjármálafyrirtækjum.

„Samtökin höfðu áður verið í samstarfi við Vinnueftirlitið árið 2002 þegar gerð var athugun meðal bankastarfsmanna. Við lögðum fyrir þá hugmynd að kanna vinnuumhverfið í fjármálafyrirtækjum að nýju,“ lýsir Ásta en vel var tekið í hana. „Samtökin voru okkur innan handar og lögðu könnun fyrir þá starfsmenn sem enn voru starfandi hjá bönkunum. Könnunin var aðgengileg á netinu og öllum boðin þátttaka. Svarhlutfallið í bönkunum þremur var mjög gott, 68 prósent eða 1.880 manns.“

Sams konar könnun var síðan lögð fyrir það fólk sem misst hafði störf sín hjá bönkunum en 426 svöruðu. „Sálfræðinemi ásamt leiðbeinanda mínum sá um að afla þeirra gagna,“ segir Ásta, sem einnig tók viðtöl við tuttugu starfsmenn sem enn voru starfandi árið 2013.

HVETJANDI STJÓRNUNARSTÍLL DRÓ ÚR VANLÍÐAN

„Eftir að bankarnir hrundu upplifði starfsfólk mikla streitu enda voru breytingarnar afar órar. Bankarnir urðu ríkisbankar, stjórnunin breyttist, tuttugu prósentum starfsmanna var sagt upp, óvissan var mikil og verkefnið breyttust. Þeir starfsmenn sem tengdust þessum breytingum mest lýstu meiri sálrænni vanlíðan en aðrir sem ekki höfðu sömu tengingar við breytingarnar,“ segir Ásta en í könnuninum kom fram að það helsta sem dregið gat úr vanlíðan starfsmanna var hvetjandi stjórnunarstíll yfirmanna.

ÞEIM SEM MISSTU STARF LEIÐ BETUR

Kannanirnar voru lagðar fyrir sex til átta mánuðum eftir hrun. Þegar niðurstöður þeirra, sem misstu vinnuna, voru bornar saman við niðurstöður þeirra sem enn störfuðu í bönkunum kom dálítið áhugavert í ljós. „Þeim sem misstu störf sín leið almennt betur, þeir upplifðu minni sálræna vanlíðan og höfðu færri líkamlegar kvartanir en þeir sem héldu áfram störfum,“ lýsir hún en þessi niðurstaða kom nokkuð á óvart. „Þetta er dálítið á skjön við það sem maður mætti ætla enda er einn af stærstu áhættuþáttum á vinnumarkaði að missa starf,“ segir Ásta. Þegar leitað var skýringa kom í ljós að þeim leið verst sem héldu áfram störfum en upplifðu starf sitt að einhverju leyti ótryggt. „Best leið þeim sem hafði verið sagt upp en voru komnir í ný störf,“ segir Ásta en ýmsir þættir reyndust gagnlegir til að fá ný störf samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. „Þeir sem höfðu háskólamenntun voru líklegri til að fá ný störf og í þeim hópi voru karlmenn í meirihluta.“

ÓVILD Í ÞJÓÐFÉLAGINU

Ásta tók viðtöl við tuttugu starfsmenn bankanna eins og áður sagði. „Þau sýndu að fólki sem vann í bönkunum fannst það ekki eiga samleið með öðrum í landinu í kjölfar hrunsins. Það fann fyrir gremju gagnvart sér sem banka starfsmönnum enda beindist reiði fólks að bönkunum. Þetta var nokkur álagsþáttur, sér í lagi hjá þeim sem þurftu að afgreiða ósátta viðskiptavinum,“ segir Ásta en bendir á að það sem helst gat dregið úr þessari streitu voru stjórnendur sem stóðu vel að því að efla stuðninginn við starfsmenn sína inni í bönkunum.

HUGA ÞARF AÐ LÍÐAN STARFSFÓLKS

En hvað má læra af þessum niðurstöðum? „Kannski helst það að meðan fyrirtæki ganga í gegnum breytingar, stórar eða litlar, þá skiptir mjög miklu máli að huga að starfsfólkinu. Draga þarf úr þeim þáttum sem geta valdið streitu, jafna þarf vinnuálag og koma auga á nýja áhrifaþætti. Þá skiptir miklu máli að stjórnendur hugi vel að sínu starfsfólki og leiði gott starf sem byggir á heilsueflingu og heilsusamlegu vinnuumhverfi,“ svarar Ásta.

■ solveig@365.is

DOKTORS- VÖRN

Doktorsvörn Ástu í Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands fer fram í hátíðasal í aðalbyggingu HÍ á morgun klukkan 14. Þar fjallar hún um doktorsverkefni sitt; Hrunið – Heilsa og líðan starfsfólks íslenskra banka í kjölfar bankahruns.



Jólagjafir

Skemmtilegar og sniðugar fyrir alla



**HITAMÆLIR
MEÐ ÍSVÖRN**

Pöntunarnúmer 440 871125202959

1.690,- með vsk



**LED LJÓS BLÓM
10/30 VOLT**

Pöntunarnúmer 440 871125299741

1.790,- með vsk



**STAFRÆN UPPTÖKUVÉL
Í BÍLINN**

Pöntunarnúmer 440 871125246921

5.990,- með vsk



**ÚTVARP
M/BLUETOOTH TENGINGU**

Pöntunarnúmer 440 871125252361

5.990,- með vsk



**ENNISLJÓS PF9
3W CREE/120 LUMEN**

Pöntunarnúmer 032 60100

5.510,- með vsk



**ENNISLJÓS PRO
5W CREE/365 LUMEN**

Pöntunarnúmer 032 700H1

8.820,- með vsk



**VASALJÓS PRO
M/ NEYÐARSTILLINGU**

Pöntunarnúmer 032 700S1

11.710,- með vsk



**VASALJÓS PRO
PENNI**

Pöntunarnúmer 032 700S7

5.355,- með vsk



**HJÓLALÁS
ÝMSIR LITIR**

Pöntunarnúmer 440 871125243299

390,- með vsk



HJÓLATÖSKUR

Pöntunarnúmer 440 871125265790

verð frá 990,- með vsk



**RAFMAGNSBJALLA
Á REIÐHJÓL**

Pöntunarnúmer 440 871125298711

790,- með vsk



FJARSTÝRÐ ÞÝRLA

Pöntunarnúmer 066 RCHELI

4.400,- með vsk



**BARNASESSA
Í BÍLINN**

Pöntunarnúmer 440 871125222685

1.290,- með vsk



**MASSAVÉL 1300W
1000-3000RPM**

Pöntunarnúmer 066 MS900PS

18.092,- með vsk



**LJÓSKASTARAR
SLIM BLUE**

Pöntunarnúmer 297 270771

7.796,- með vsk



**VINNULJÓS
LED MINI**

Pöntunarnúmer 297 809002

7.490,- með vsk



Opið mánudaga til föstudaga frá 8:00 til 18:00
Laugardaga frá 10:00 til 13:00

Poulsen
partur af lífinu

Skeifan 2
S: 530 5900 | poulsen.is

METSÖLULISTI

Bókabúðar

Máls og menningar



1.

Prettán dagar til jóla
Brian Pilkington



2.

Stóri skjálfti
Auður Jónsdóttir



3.

Eitthvað á stærð við alheiminn
Jón Kalman Stefánsson



4.

Sorcerer's Creed
Skuggi



5.

Geirmundar saga heljarskinns
Bergsveinn Birgisson




6.

Endurkoman
Ólafur Jóhann Ólafsson



7.

Gráspörvar og ígulker
Sjón



8.

Jólasveinarnir 13
Brian Pilkington



9.

Mamma klikk
Gunnar Helgason



10.

Stormviðvörðun
Kristín Svava Tómasdóttir

4. - 10. des 2015



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



FRJÁLSAR Hafdís var valin Íþróttmaður Akureyrar tvö ár í röð og var fyrsti frjálsíþróttamaðurinn til að hljóta þann titil.

ÍSLENSKT ROKK Í EYRUM Á ÆFINGU

ÍPRÓTTAKONA Hafdís Sigurðardóttir frjálsíþróttakona fékk snemma áhuga á íþróttum og hefur æft af kappi frá því hún var krakki. Lakkristoppar og Brynju-ís eru hennar helstu freistingar en hvern dag byrjar hún á hafragraut.

Hafdís Sigurðardóttir frjálsíþróttakona var kosin íþróttamaður Akureyrar 2013 og 2014 og var fyrsti frjálsíþróttamaðurinn til að hljóta þann titil. Hún hefur æft frjálsar íþróttir af kappi frá því hún var krakki og er í ólympíuhópi FRÍ 2016. Hafdís hefur gert atlögu að Íslandsmeti í 100 metra hlaupi og sett Íslandsmet í langstökki, bæði innan- og utanhúss.

HVENÆR KVIKNAÐI ÁHUGINN Á HEILSU- OG LÍKAMSRÆKT?

„Ég byrjaði að æfa íþróttir mjög ung og hef alltaf haft áhuga á góðri líkamlegri og andlegri heilsu. Ákvað það til dæmis mjög ung að ég ætlaði ekki að drekka áfengi.“

HVAÐ ERTU AÐ ÆFA?

„Frjálsar íþróttir með áherslu á langstökk.“

HVAÐ ÆFIR ÞÚ OFT Í VIKU?

„Ég æfi sex til níu sinnum í viku.“

UPPÁHALDSÍPRÓTT?

„Frjálsar íþróttir.“

HVER ER GALDURINN Á BAK VIÐ SIXPAKKINN?

„Mataræði og svo æfingar.“

ÁTTU ÞÉR FYRIRMYNDIR Í ÍPRÓTTAHEIMINUM?

„Já, auðvitað. Ivana Spanovic, Naide Gomes og fleiri.“

HVAÐA TÓNLIST HLUSTARÐU Á MEÐAN ÞÚ ERT AÐ ÆFA?

„Hlusta ekki oft meðan ég æfi en núna verður hljómsveitin Dimma oftast fyrir valinu.“

ERTU MORGUNHANI EÐA FINNST ÞÉR GOTT AÐ SOFA ÚT?

„Myndi segja að ég væri morgunhani.“

HVAÐ FÆRÐU ÞÉR Í MORGUNMAT?

„Hafragrautur verður oftast fyrir valinu.“


HVAÐ FINNST ÞÉR GOTT AÐ FÁ ÞÉR Í KVÖLDMAT?

„Kjúklingabringu, sætar kartöflur og salat.“

Á MILLI MÁLA?

„Hleðslu eða Atkins-stykki.“

HVAÐ FÆRÐU ÞÉR ÞEGAR ÞÚ



AFREKSKONA Hafdís Sigurðardóttir tók snemma þá ákvörðun að lifa heilbrigðu lífi. MYNDAUÐUNN NÍELSSON

ÆTLAR AÐ GERA SÉRSTAKLEGA VEL VIÐ ÞIG?

„Þá fer ég út að borða eða fæ mér Brynju-ís.“

HVAÐ ER ÞAÐ ÓHOLLASTA SEM ÞÚ LEYFIR ÞÉR?

„Það fer bara eftir tilefni, ég banna mér ekkert heldur nota ég almenna skynsemi í mataræði.“

HVAÐ VERÐUR Í JÓLAMATINN?

„Hamborgarhryggur og meðlæti heima hjá mömmu og pabba.“

UPPÁHALDS SMÁKÖKUTEGUND?

„Lakkristoppar.“

DREKKUR EKKI

„Ég byrjaði að æfa íþróttir mjög ung og hef alltaf haft áhuga á góðri líkamlegri og andlegri heilsu. Ákvað það til dæmis mjög ung að ég ætlaði ekki að drekka áfengi.“

Ekki stress um jólin

20% afsláttur af Slökun í desember

Öll viljum við eiga notalegan desember og njóta þess að undirbúa jólin með þeim sem standa okkur næst. Við viljum hafa notalegt í kringum okkur, lýsa upp skammdegið, baka eitthvað gott í gagginn og fara í bæinn til að njóta mannlífs og fegurðar. Við viljum líka flest eiga stresslaus jól. Því miður reynist desember mörgum erfiður af ýmsum ástæðum. Kröfurnar eru oft miklar og tímaleysið mikið sem veldur sérstaklega mikilli streitu á þessum tíma sem einmitt á að vera svo gleðilegur. Þessu getur svo fylgt samviskubit yfir því að vera ekki bara róleg/ur yfir þessu öllu og við ætlum alltaf að gera betur á næsta ári.

Magnesium til bjargar

Í ár hefur þessi umræða náð hærri hæðum og fleiri ákveðið að draga úr kröfum með “minimalískum” jólum og þannig minnka álagið. Jákvæður lífsstíll allt árið með nægum svefni, hollu mataræði og reglubundinni hreyfingu stuðlar að jafnvægi og styrkir okkur gegn álagi. Þegar það verður of mikið að gera hjá okkur og streitustigið hækkar þá sinnum við okkur oft ekki eins vel og venjulega. Þá dettum við frekar í meiri kaffidrykkju og sækjum meira í sætindi en þessir þættir ásamt stressi ganga á magnesium forða líkamans. Til að vinna á móti þessu getur verið mjög gagnlegt að taka inn magnesium til að bæta upp missinn.

Magnesium kemur við sögu í yfir 300 efnahvörfum í líkamanum. Líkaminn þarf það til að búa til orku. Einnig er það nauðsynlegt fyrir beinin sem og fyrir hjarta og æðakerfi. Magnesium gagnast líka oft sérstaklega vel við sinadrætti, fótapíring og hægðatregðu. Síðast en ekki síst er magnesium “slökunarsteinefnið” sem tryggir það að vöðvar og taugar geti slakað eðlilega.

Útsöluastaðir sem veita afslátt: Lyfja, Apótekið, Heilsuhúsið, Lyf og heilsa, Apótekarinn, Akureyrarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Ólafsvíkur, Apótek Vesturlands, Árbæjarapótek, Austurbæjar apótek, Borgarapótek, Heilsutorg Blómavals, Fræjið Fjarðakaupum, Garðsapótek, Heilsuver, Lifandi markaður, Lyfsalan Hólmavík, Lyfsalinn Glæsibæ, Reykjavíkrapótek, Rímaapótek, Siglufjarðarapótek, Urðarapótek, Mamma veit best.



smáauglýsingar

smaar@frettabladid.is / visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2014, ekinn 73 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.170007. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic. Árgerð 2015, ekinn 5 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.790.000. Rnr.991349.



VOLVO Xc90. Árgerð 2007, ekinn 185 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.991555.



ASKJA notaðir bílar Kletthálsi 2, 110 Reykjavík. Sími: 590 2160 www.notadir.is



Chrysler Town & Country Limited, 6/2014, ekinn 63 þús km, sjk, stow & go, einn með öllu, 3 dvd skjáir og fl, ásett verð 6690 þús, er á staðnum, raðnr 152278.

100 bílar ehf í miðbæ Mosfellsbæjar, Sími: 517 9999 Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15 www.100bilar.is



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur Sími: 522 4610 www.bilauppbod.is



HYUNDAI I10 gl. Árgerð 2012, ekinn 92 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 990.000. Rnr.110471. Besta verðið.



SKODA Octavia Ambiente. Árgerð 2012, ekinn 86 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 2.580.000. Rnr.210257. Gott verð.



SUZUKI Swift. Árgerð 2012, ekinn 112 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.540.000. Rnr.210150. Sparibaukur.



SUZUKI Grand Vitara Premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 161 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.990.000. Rnr.210137. Bíll í toppþjónustu.

Höfðabílar Fosshálsi 27, 110 Reykjavík Sími: 577 4747 www.hofdabilar.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS. Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Bílar óskast

Óska eftir ódýrum sparneitnum bíl, verður að vera skoðaður. Uppl í s. 893 8064/587 3890

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappír og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Lyftarar



Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

INNIMÁLUN

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmamalun@gmail.com

REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?



Spádómar



661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskripti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggiltur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

KEYPT & SELT

Til sölu



JS LJÓSMÍÐJAN | LEIÐARLEIÐIR | KLÁTTUVEIÐARJÓHUSTAN Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16



VASAPÉSI PARTYLJÓNSINS Ódýr viðbót í pakkann. Sendum heim. flokiforlag@internet.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjalddeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!

129 - 5000 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

LEBOWSKI BAR

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNBINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

ÍSLENDINGAR.EU

Nýr samskiptavefur - og við þjóðum frjálslyndar konur sérstaklega velkomnar. Líttu við!

ÍSLENDINGAR.EU

Nýr og frjálslyndur íslenskur samskiptavefur. "live" spjall, stefnumót, blogg, o.fl. Líttu við!



Nesbali 10

Seltjarnarnesi – glæsilegt raðhús

OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 16.des. frá kl 17:30 – 18:00



Húsið er 247,1 m² að stærð
Endurnýjað eldhús sem er opið inn í stofu
Ný rennihurð út í garð, gluggar niður í gólf
Garðurinn sunnanverðu, stór afgirtur pallur
Fjögur svefnherbergi, bílskúrinn innréttaður
Töluverðar endurbætur hafa átt sér stað
Frábær staðsetning á nesinu, í botnlanga

Verð: **72,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



Samtök áhugafólks
um áfengis- og
vímuefnavandann

HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við sjúkrahúsið Vog.
Vaktavinna - helgarvaktir - næturvaktir -
starfshlutfall samkomulagsatriði.

Upplýsingar veitir
Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Vogs
Netfang: thora@saa.is
Sími 824 7615

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333

Grýlukerti

Grýlukerti á þakrennum
benda til ísstíflu í rennunni.
Tryggingarnar bæta ekki
tjón ef ísstífla veldur leka
inn í hús eða myglusvepp.

1450^{kr}
/m

HITAVÍR

ishúsið

ishusid.is

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

SUNNUDAGA

2
ATVINNUMENNIRNIS
OKKAR

NÝ
ÞÁTTARÖÐ

MÍÐVIKUDAGA

HEIMSÓKN

ÞÆR
TÆR

Ástríður 2

Sígildar
þáttaraðir
á Gullstöðinni

MÍÐVIKUDAGA

flesh and bone

NOVEMBER 8 STARZ

LAUGARDAGA

SPILAKVÖLD

FIMMTUDAGA

EYÐÓRS

MÁNUDAGA

Biómyndir
allan sólar-
hringinn

THE ART OF MORE

HUNGER GAMES

HARRY POTTER

FÖSTUDAGA

Logi

SUNNUDAGA

LAND

OCT 4 SHOWTIME

MARABÓN

Taktu marabón af Sopranos eða Mad Men. Á Stöð 2 Marabón finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.

FIMMTUDAGINN 17. DES.

VICTORIA'S SECRET
FASHION SHOW

LAUGARDAGA

MED
AFA

GJÖF TIL
ÁSKRIFENDA
Áskrifendur
fá tveggja mánaða
áskrift að Tónlist.is
og nýútkomna plötu
Bubba Morthens,
18 konur.*

LAUGARDAGINN 26. DES.

ASJER

ENDALAUST TAL
1 GB Í GSM*
1.990 kr.

Skemmtipakkinn

FRÁBÆR DAGSKRÁ FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Þeir sem eru áskrifendur að Skemmtipakkanum geta notið fráberrar dagskrár okkar á aðventunni og um hátíðarnar. Nýjar og sígildar kvikmyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fjöruget talsett barnaefni. **Njóttu Skemmtipakkans í desember.**

365.is
Sími 1817



9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag



Krakka
Stöðin



BRAVO

Vild



*Fylgir öllum tilboðspökkum 365.

HBO and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.

TAKTU ÞÁTT Í GLÆSILEGU JÓLA-HAPPDRETTI Í VERSLUNINNI!

Dregið verður út á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:

- C3 samlokugrill og Sodastream frá Húsasmíðjunni
- Hádegisverðahlaðborð á Haust Restaurant
- Gjafabréf í Trimform Berglindar
- Gjafabréf frá Tískuhús Zik Zak
- Veglegir vinningar frá Eirberg
- Gisting fyrir tvo hjá Fosshótel
- Gjafakarfa frá Nóa Sírius

NÝTT
kortatímabil

KJÓLAR, ÚLPUR OG FRÁBÆR JÓLATILBOÐ!

Opið frá kl 10 til 22 í dag

ZIK ZAK

T Í S K U H Ú S





Þorgerður Anna er hér í leik með Val árið 2013. Það tímabil byrjaði hún að finna til í öxlinni og var upphafið að langri meiðslasögu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Var erfitt að vakna á morgnana

Eftir tæplega þriggja ára baráttu við alvarleg meiðslu, fyrst í öxl og svo í hné, er loksins farið að birta til hjá Þorgerði Önnu Atladóttur. Hún vonast til að sýna sitt rétta andlit með Leipzig í Þýskalandi eftir áramót.

HANDBOLTI Fyrir utan nokkrar vikur í febrúar á þessu ári er vel á þriðja ár síðan Þorgerður Anna Atladóttir spilaði handboltaleik án þess að kenna sér alvarlegs meins. Hvert óhappið hefur rekið annað en eftir alvarleg axlarmeisli, sem kostaði hana tvær aðgerðir, sleit hún krossband í hné aðeins þremur vikum eftir að hún fór aftur af stað í upphafi ársins.

Fyrir rúmri viku spilaði Þorgerður Anna á nýjan leik eftir enn eina endurhæfinguna er hún lék með varaliði Leipzig, liðsins síns í Þýsku úrvalsdeildinni. Það var að hennar sögn afar ljúf tilfinning, eins og gefur að skilja.

„Þetta var spennufall. Ég var alveg búin á því eftir leikinn. En mikið rosalega var þetta gaman. Ég var búin að biða lengi eftir þessu augnabliki,“ segir glaðbeitt Þorgerður Anna í samtali við Fréttablaðið.

Gekk á milli lækna í Noregi

Axlarmeisli byrjuðu að plaga Þorgerði fyrst fyrir tæpum þremur árum, er hún lék með Val. Hún fór í aðgerð eftir tímabilið sem gekk þó ekki að óskum og spilaði Þorgerður eftir það heilt tímabil í Noregi með verk í öxlinni.

Eftir að hafa gengið á milli lækna í Noregi án þess að fá svör og meðal annars dvalið hjá Arnóri [landsliðsmanni í handbolta] bróður sínum í Frakklandi þar sem hún var í sjúkraþjálfun fékk hún ekki almennileg svör fyrr en hún samdi við Leipzig í Þýskalandi haustið 2014.

Hún segir að það hafi tekið svo á að fá ekki almennilegar skýringar á því af hverju hún var enn að finna fyrir verk í öxlinni og hafi það í raun verið léttir fyrir hana að

Óvíst hvað tekur við í sumar

Samningur Þorgerðar Önnu við Leipzig rennur út í sumar og er óvíst hvað tekur við hjá henni þá. Þjálfari liðsins hefur sýnt henni mikla biðlund og stuðning þann tíma sem hún hefur verið frá vegna meiðsla en engar formlegar viðræður um nýjan samning hafa átt sér stað.

„Það er yfirleitt á þessum árstíma sem viðræður fara af stað en þetta er harður heimur og þó svo að mér hafi verið tekið mjög vel hér þá skil ég þá hugsun vel að gera ekki nýja samning við meidslapésann og fá einhvern annan góðan leikmann í staðinn,“ segir Þorgerður Anna.

„Liðið er eitt það besta í Evrópu og þarf einfaldlega að hafa fríska leikmenn í öllum stöðum. Ég er því ekki að reikna með neinu og ætla mér að nýta þau tækifæri sem ég fæ eftir áramót. En þetta situr vissulega í hausnum á mér og ég velti fyrir mér hvað sé best að gera.“

fá „slæm“ tíðindi hjá læknum í Þýskalandi.

„Ég var farin að vona að lækarnir myndu finna eitthvað að mér sem er ekki sú niðurstaða sem maður vonast yfirleitt eftir,“ segir hún. „En ég vildi bara fá vondu fréttirnar til að það væri hægt að laga vandann.“

Þessi vondu tíðindi fékk hún á haustmánuðum 2014 og fór Þorgerður Anna í aðgerð sem að þessu sinni heppnaðist vel. Hún fór aftur af stað í febrúar á þessu ári og var rétt nýkomin af stað þegar það óhugsandi gerðist: Þorgerður Anna sleit krossband í hné á æfingu.

Hætti á leið á sjúkrahúsið

„Á leiðinni á sjúkrahúsið sagði ég



við sjálfa mig að nú væri ég bara hætt. En ég var um þrjár mínútur að skipta um skoðun,“ segir hún en viðurkennir að áfallið hafi verið gríðarlega mikið.

„Þegar ég lit yfir síðustu tvö árin þá finnst mér skrítið hversu vel mér gekk að komast í gegnum þetta allt saman. Ég hef oft leitt hugann að því af hverju maður er að þessu. Ég hafði ekki spilað handbolta í langan tíma og loksins þegar maður komst aftur af stað var manni um leið kippt niður á jörðina,“ segir hún.

„Þetta er tilfinningarússibani og hann tekur ótrúlega mikið á. En um leið og maður kemst aftur inn á völinn að gera það sem manni

Ég var farin að vona að lækarnir myndu finna eitthvað að mér sem er ekki sú niðurstaða sem maður vonast yfirleitt eftir.

Þorgerður Anna Atladóttir

finnst skemmtilegast að gera þá er maður fljótur að gleyma öllu hinu.“

Þrjóska og metnaður

Þorgerður Anna hefur fundið fyrir miklum stuðningi hjá Leipzig, allt í senn frá þjálfara hennar, liðsfélögum, læknum og sjúkraþjálfurum. Og hún er þeim afar þakklát og segir að stuðningur góðra vina sé nauðsynlegur í svona stöðu, sérstaklega þar sem hún var fjarri vinum og ættingjum á Íslandi.

„Það var mjög erfitt að setta sig við að vera í sjúkraþjálfun í 5-6 tíma í dag og að gera sama hlutinn, aftur og aftur, næsta hálfu árið þegar ég var nýutskrifuð eftir axlarmeislin. Það var oft á tíðum afar erfitt að vakna á morgnana og vita hvað var fram undan. En maður komst í gegnum þetta á þrjóska og metnaði.“

Þorgerður Anna er eins og gefur að skilja aftarlega í goggunarröðinni í skyttustöðunni hjá Leipzig og með 5-6 landsliðsmenn fyrir framan sig að eigin sögn. En hún hefur verið að æfa sem línumaður að undanfögnu og gæti spilað sem slíkur á nýju ári.

„Annar línumaðurinn okkar meiddist í upphafi tímabils og liðið er því bara með einn línumann, sem þarf sína hvíld. Ég hef því verið að æfa að skjóta af línunni, sem er sérstakt fyrir mig sem skyttu. En ég er ánægð með að fá tækifærið, sem ég ætla að nýta.“ eirikur@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Leicester Chelsea 2-1

1-0 Jamie Vardy (34.), 2-0 Riyad Mahrez (48.), 2-1 Loïc Remy (77.):

Jamie Vardy og Riyad Mahrez sáu til þess að Leicester endurheimti toppsætið með góðum sigri á Englandsmeisturunum.

LANDSLIÐIÐ FER TIL ABÚ DABÍ Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir Sameinuðu arabísku furstadæmnum í Abú Dabí 16. janúar á næsta ári. Búið var að tilkynna að íslenska liðið myndi fara í æfingafærð til borgarinnar í janúar og mæta Finnlandi í vináttulandsleik þrettánda þess mánaðar. Alls leikur íslenska liðið þrjú vináttulandsleiki í janúar en á dögnum var tilkynnt um að Ísland myndi mæta Bandaríkjunum í Los Angeles 31. janúar. Enginn þessara leikja fer fram á alþjóðlegum leikdegi og því verður íslenska liðið væntanlega skipað leikmönnum sem spila hér á landi og á hinum Norðurlöndunum.

Stockon og Malone ensku úrvalsdeildarinnar. #Mahrez&Vardy

S. Mikael Jónsson @S_Mikael_J

ÞÓRIR ÞJÁLFAREIÐSINS HJÁ IHF Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins í handbolta, var í gær útnefndur þjálfari ársins hjá IHF, Alþjóðahandknattleikssambandinu, ásamt Ljubomir Vranjes, þjálfara Flensburg í Þýskalandi. Þórir hefur verið við stjórnvölinn hjá norska liðinu frá 2009 og náð frábærum árangri. Undir hans stjórn varð Noregur heimsmestari 2009 og 2011, Evrópu-meistari 2010 og 2014 og Ólympíumeistari 2012. Þórir er þessa dagana á fullri ferð á HM í Danmörku þar sem norsku stelpurnar eru komnar áfram í átta-liða úrslit.



Var að horfa á bardagann. Hann var hnífjafn. Líka grappling wise. Þar til Gunní hefur honum bakið á sér. Þá byrjaði þetta.

Halldór Halldórsson @DNADORI

DREGIÐ Í EVRÓPUKEPPNI

Í gær var dregið í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu og 32-liða úrslit Evrópukeildarinnar. Þrjú ensk lið voru í pottinum í Meistaradeildinni og voru þau misheppin með andstæðinga. Arsenal dróst gegn Evrópumeisturum Barcelona á meðan Chelsea mætir PSG og Manchester City mætir Dynamo Kiev. Þá drógust stórlíð Bayern München og Juventus saman. Í Evrópukeildinni mætir Manchester United Danmerkurmeisturum Midtjylland. Jürgen Klopp og lærisveinar hans í Liverpool mæta Augsburg og Tottenham og Fiorentina eigast við. Olympiacos, lið Alfreds Finnþegasonar, mætir Anderlecht, Ragnar Sigurðsson og félagar í Krasnodar mæta Sparta Prag og Basel, með Birki Bjarnason innabörðs, mætir St-Etienne.

Í dag

19.45 QPR - Brighton Sport 2

Olísdeild karla: 19.30 FH - Haukar Kaplakríki

tl.is

TÖLVU LISTINN

JÓLAVERÐ Á FARTÖLVUM!

TOSHIBA

ÖFLUG OG OFURHRÖÐ

Ein bestu kaupin okkar í fartölvunum fyrir jólin. Gyllt og glæsilega hönnuð. Fjögurra kjarna A6 örgjörvi, 6GB vinnsluminni og 256GB ofurhraður SSD diskur gera hana mjög spræka í vinnslu. Radeon R4 og kristaltær Full HD skjár.

109.995



TOS-L50DC196

FULLKOMIN FYRIR HEIMILIÐ



ASUS
ASU-P2520LAX00222H

Frábær kaup. Nýjasta gerð af i3 örgjörvanum frá Intel og 128GB SSD diskur gera þessa 15,6" fartölvu mjög góðan kost fyrir alla hefðbundna tölvuvinnslu. Kemur með 8GB vinnsluminni sem er tvöfalt meira en venjulega í sambærilegum fartölvum. Bang & Olufsen hljóðkerfi með tveimur hátölurum og Intel HD Graphics 5500 grafikkjarna.

99.995

FJÓRIR KJARNAR OG 1TB DISKUR



Hágæða 15,6" fartölva frá Toshiba með kraftmiklum fjögurra kjarna A8 örgjörva og Radeon R5 grafikkjarna. Stór 1TB harður diskur fyrir gögnin, myndirnar og tónlistina. 3 ára ábyrgð fyrir aðeins kr. 4.990.

TOSHIBA
TOS-C50DB157

89.995

256GB SSD OG INTEL I3



TOSHIBA
TOS-C55C1L3

Stilhrein og glæsileg fartölva með stórum og hröðum 256GB SSD, Intel i3 örgjörva og Intel HD Graphics 4400 skjákorti.

109.995

INTEL I5 OG SSD



ASUS
ASU-P2520LAX00195H

Skemmtilega hönnuð 15,6" fartölva með nýjustu útgáfu af Intel i5 örgjörvanum, 8GB vinnsluminni og 128GB SSD disk. Intel HD 5500 skjákort.

119.995

MULNINGSVÉL MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

Þessi lætur ekki bíða eftir sér. Intel i5 örgjörvi, 8GB vinnsluminni, 256GB harður diskur og 2GB NVIDIA Geforce 930M skjákort. Geggjuð kaup.

TOSHIBA
TOS-L50CIVZ

149.995



ALLT JÓLAÚRVALIÐ Á TLIS
OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!



REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar og bróðir,
Þórir S. Þórisson

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands þann 10. desember. Minningarathöfn verður í Selfoskirkju þann 17. desember kl. 14.00. Útför fer fram frá Reykjahlíðarkirkju í Mývatnssveit þann 19. desember kl. 14.00.

Atli Jakob Einarsson
Gísli Fannar Þórisson
Svanhildur Björk Þórisdóttir
Kristinn A. Stefánsson
Þórhallur R. Stefánsson
og fjölskyldur.



Elsku eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Sigurgeir Jónsson

Fagurhólmýri,
andaðist föstudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Jarðarför verður frá Hofskirkju í Óræfum laugardaginn 19. desember kl. 13.00.

Guðmunda Jónsdóttir
Jónína Sigurgeirsdóttir
Sigrún Sigurgeirsdóttir
Helgi Sigurgeirsson
Ólafur Thoroddsen
Guðmundur Þorsteinsson
Hildur Árnadóttir
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
Aðalbjörg Sigurðardóttir
áður til heimilis að Gullsmára 7,
Kópavogi.

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 10. desember. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 30. desember kl. 13.00.

Ómar Örn Þorbjörnsson
Hrefna Þorbjarnardóttir
Guðbjörg Þorbjarnardóttir
Valborg Bjarnadóttir
Ísleifur Þorbjörnsson
Sigurður Þorbjörnsson
Hallbjörn Þorbjörnsson
Þráinn Þorbjörnsson
Heiðis Þorbjarnardóttir
Kristjana Þorbjörnsdóttir
Heiðrún Þorbjarnardóttir
Þröstur Þorbjörnsson
Sonný Lýsa Þorbjörnsdóttir
Sigríður Sturlaugsdóttir
Tómas Filippusson
Karl Óskarsson
Hafdis Sigurðardóttir
Björg Lárusdóttir
Sigríður Einarsdóttir
Kristjana Óladóttir
Kristján Ásmundsson
Ingunn Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Ellert Ingason

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



Kvennakór HÍ fagnar áratugarafmæli

Kvennakór Háskóla Íslands heldur upp á 10 ára starfsafmæli sitt með jólatónleikum í Dómkirkjunni í kvöld. Margrét Bóasdóttir hefur verið kórstjórinn frá upphafi en hún var sjálf í námi við háskólann þegar kórinn var stofnaður. „Við stofnuðum hann sama ár og Kristín Ingólfssdóttir varð rektor og konur voru orðnar yfir 50% nemenda við skólann. Fyrsta verkefnið okkar var að syngja jólatónverkið Ceremony of Carols eftir breska tónskáldið Benjamin Britten á hádegistónleikum í anddyri aðalbyggingar skólans. Það er svo góður hljómur þar inni sem minnir á Dómkirkjuhljóminn. Við ætlum að flytja þetta sama verk í kvöld í tilefni afmælisins,“ segir Margrét en bætir við að kórinn muni líka taka nokkur þekktari jóla-

Við stofnuðum hann sama ár og Kristín Ingólfssdóttir varð rektor og konur voru orðnar yfir 50% nemenda við skólann.

lög með. Með kórnum mun koma fram leynigestur sem flýgur til landsins frá Berlin í dag.

Meðlimir kórsins eru 30 talsins en mikil fjölbreytni ríkir innan hans. „Við auglýsum alltaf á mörgum tungumálum eftir nýjum kórmeðlimum. Í ár erum við með átta skiptinema frá sjö löndum og þær eru mjög hetjulegar. Þær eru að hamast við að syngja á íslensku en þeim

hefur tekist vel til. Það eina sem þarf til að komast í kórinn er að hafa verið í kór eða að hafa lært að syngja og lesa nótur. Þannig getum við tekið að okkur krefjandi verkefni.“

Íslensku stelpurnar innan kórsins taka þeim erlendu vel og stundum er tekið upp á því að syngja lög á móðurmáli skiptinemanna. „Í fyrra voru tvær kínverskar stelpur með okkur og þá sungum við lag á kínversku. Svo ætlum við okkur að syngja á japönsku og rússnesku í vor. Þetta er alþjóðlegt samstarf og maður finnur að stelpurnar sem taka þátt öðlast meiri innsýn til landsins og menningarinnar.“

Tónleikarnir hefjast klukkan átta í kvöld og er aðgangseyrir 1.500 krónur. gunnhildur@365.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Valtýr Guðmundsson

frá Króki, Ásahreppi,
til heimilis að Strýtuseli 12,
Reykjavík,

lést á Landakoti sunnudaginn 29. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigmunda Hákonardóttir
Guðrún Valtýsdóttir
Anna María Valtýsdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir
Ágústa Rósa Finnlaugsdóttir
og barnabörn.
Þórir Karl Jónasson
Jón Bjarni Hermannsson



Ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Minna Christensen,

Hvanneyrarbraut 19,
Siglufirði,

er látin. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum vináttu og hlýhug í okkar garð.

Fyrir hönd aðstandenda,

Ólafur Kr. Ólafsson
Rut Ólafsdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.
Ingimar Bjarnason



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,
Þórir Jóhann Axelsson

Vættaborgum 1, 112 Reykjavík,

lést miðvikudaginn 9. desember á Landspítalanum í Reykjavík. Útför hans fer fram fimmtudaginn 17. desember kl. 15.00 í Langholtskirkju. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samhjálp.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðbjörg Þórisdóttir
O. Ragnheiður Þórisdóttir
Þórdís Rún Þórisdóttir
Axel Þórir Þórisson
barnabörn og Arnar Axelsson
Ingólfur Guðjónsson
Aleksandar Knezevic
Vera Dögg Antonisdóttir



Elskuleg móðir mín,
Hallfríður Kristín Freysteinsdóttir

lést á Droplaugarstöðum 22. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey samkvæmt ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýndan hlýhug og samúð.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðbjörg Kristín Arnardóttir



Elskulegur faðir minn,
Sigurður Gunnarsson

andaðist sunnudaginn 6. desember í Brákarhlíð, Borgarnesi. Hann verður jarðsungið frá Borgarneskirkju föstudaginn 18. desember kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þórður Sigurðsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Bjarni Guðjónsson

framreiðslumaður, Grandavegi 47,

lést á Landspítalanum 29. nóvember. Jarðarförin fer fram í Neskirkju, miðvikudaginn 16. desember kl. 15.00.

Gróa Reykdal Bjarnadóttir
Guðrún Valgerður Bjarnadóttir
Jón Þorvaldur Bjarnason
Guðjón Bjarnason
Þórhallur Borgþórsson
Hrafnhildur Kjartansdóttir
afa- og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Sigríður Vilhjálmssdóttir

Vesturbraut 17, Höfn í Hornafirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands á Höfn þann 6. desember. Hún verður jarðsungið frá Hafnarkirkju laugardaginn 19. desember, kl. 10.30.

Jón Arason
Guðrún Arndís Jónsdóttir
Elfa Signý Jónsdóttir
Sigurður Gunnar Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Hannes Höskuldsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Steingrímur Leifsson

Hlíðarhjalla 63,

lést á heimili sínu þann 29. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til heimaþjónustu Karitas.

Björg Ingólfssdóttir
Stella Steingrims
Regina Steingrimsdóttir
Sverrir Steingrims
Ingólfur Steingrims
Steingrímur Steingrims
Sigurður H. Sigurðsson
Ólafur Steinarsson
Birna Jónsdóttir
Birna Dís Bjarnadóttir
Ásgerður Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

JÓLAGLAÐNINGURINN

Verð frá
kr. 89.990



30 litir

KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE

Öllum KitchenAid Artisan hræivélum fylgir
fimm stykkja bökunarsett að verðmæti
14.990 kr. ásamt matreiðslubók á íslensku.



KitchenAid
Segulnúinn blandari

Svunta
fylgir!

- 2ja hestafla segulnúinn blandari
